






Við tryggjum þér bestu vextina!

# TVENNA

Nýjung sem sameinar kosti verðtryggðra og óverðtryggðra reikninga




- Tvenna er verðtryggður reikningur bundinn í þrjú ár
- Lágmarksinnborgun er 5.000.000 kr.
- Í lok hvers árs er ávöxtun borin saman við óverðtryggða ávöxtun á Markaðsreikningi Netbankans
- Ef Markaðsreikningur hefur borið hærri ávöxtun er lögð inn vaxtabót á Tvennu, sem nemur mismuninum
- Tvenna ber 7,70% verðtryggða vexti sem er það hæsta sem gerist á 36 mánaða bundnum verðtryggðum reikningum í bankakerfinu

**Kynntu þér Tvennu á [www.nb.is](http://www.nb.is)**

eða hafðu samband í síma 550 1800



# Keyrðu upp framlegðina



Eigum nú takmarkað magn af  
hvítum Transporter 1.9 TDI®  
á verði frá  
**3.490.000 kr.**

**Caddy**  
TDI® eyðir aðeins 6.1 l/100km



**Transporter**  
TDI® eyðir aðeins 7.5 l/100km



**Crafter**  
TDI® eyðir aðeins 9.8 l/100km



## Láttu Volkswagen Transporter vinna fyrir þig

Vinnubílarinn okkar eiga það sameiginlegt að eyða litlu enda fást þeir allir með hinni ótrúlega hagkvæmu VW TDI® dísilvél. Þá er viðhaldskostnaður lægri en gengur og gerist, til dæmis þarf ekki að smyrja bílinn fyrir en eftir 30.000 km. akstur\* og þjónustusköðun á Transporter er aðeins á 60.000 km. fresti. Sýndu fjármálavit í verki og fáðu Volkswagen strax í vinnu fyrir þig.



**Atvinnubílar**

\* fer eftir notkun bílsins.



**NÓATÚN**

**NÚ ER TÍMINN TIL  
AÐ GRILLA!**

MIKIÐ ÚRVAL  
AF AUKAHLUTUM  
FYRIR GRILLIÐ  
Í NÓATÚNI

**STERLING GASGRILL**

11.4 kw brennari  
Steikingargrindur úr postulínshúðuðu pottjárnri  
Flav-R-Wave hitadreifing (ryðfritt stál)  
Niðurfellanleg og hitapólin hliðarborð  
með áhaldakrökum

**29.900** kr.

Sterling gasgrill  
ósamsett

Verð áður 34.900 kr

**Grillsumar Nóatúns**

- allt á grillið fyrir þig!



1. Hversu hátt hlutfall landsmanna treystir Seðlabanka Íslands mjög vel?
2. Hvaða nýju afurðir ætla bændur í Eyjafirði að rækta í sumar?
3. Hvaða lið þjálfar Skagarmaðurinn Teitur Þórðarson, og í hvaða deild keppir það?

SIÁ SVÖ Á Síðu 30

Japanir ætla sjálfir að passa upp á ólympíueldinn í borginni Nagano:

## Afbakka aðstoð Kínverja

**TÓKÝÓ, AP** Kínverskir öryggisstarfsmenn sem hafa fylgt ólympíueldinum eftir víða um heiminn verða ekki velkomnir í Japan þegar hlaupið verður með kyndilinn í borginni Nagano 26. apríl.

Kyndilhlauparar annarra landa hafa kvartað yfir því hversu ágengir Kínverjarnir hafa verið við störf sín. Þykja þeir ekki hafa gefið hlaupurum nægilegt pláss til að athafna sig auk þess sem þeir hafa hrópað til þeirra skipanir. Einn þeirra gekk svo langt að rífa ennissband með mynd af tibetska fánanum af einum hlauparanum.

Í stað þess að njóta aðstoðar sjö kínverskra öryggisvarða fá tveir



**PASSA UPP Á ELDINN** Mótmælendum tókst að slökkva ólympíueldinn fjórum sinnum þegar hlaupið var með kyndilinn í París. Japanir ætla ekki að láta það endurtaka sig.

opinberir starfsmenn frá Kína að hlaupa meðfram kyndilbernum og

kveikja eldinn í kyndlinum ef á honum slokknar. Á blaðamannafundi á dögunum sagði talsmaður japanskra stjórnvalda að þjóðin þyrfti ekki á aðstoð annarra landa að halda varðandi öryggisgæsluna. Talið er að um þrjú þúsund japanskir lögreglumenn og öryggisverðir verði til taks þegar hlaupið fer fram.

Síðan hlaupið með kyndilinn hófst í Grikklandi 24. mars hafa kröftug mótmæli gegn meðferð Kínverja á Tíbetum staðið yfir í mörgum borgum, þar á meðal London, San Francisco og París, þar sem mótmælendum tókst að slökkva eldinn fjórum sinnum. - fb

## Ný störf á Ólafsfirði: Skrifað undir í 984 metra hæð

**ÓLAFSFJÖRDUR** Áætlað er að tvö til fjögur ný störf skapist á Ólafsfirði á næstunni þegar Sparisjóður Ólafsfjarðar tekur að sér vinnslu verkfæra fyrir fyrirtækið Creditinfo Ísland.

Jón Björnsson sparisjósstjóri og Hákon Stefánsson, starfandi stjórnarformaður Creditinfo Ísland, skrifuðu undir samning þess efnis í gær.

Undirritunin verður að teljast harla óvenjuleg því skrifað var undir samninginn á toppi fjallsins Múlakollu í 984 metra hæð. Ýmsir góðir gestir voru með í för og nutu útsýnisins í blíðskaparveðri.

- þo

### ALPINGI

#### Spurt um erfðabreyttan mat

Kolbrún Halldórsdóttir VG spyr umhverfisráðherra hvers vegna ekki hafi enn verið sett reglugerð um merkingu erfðabreyttra matvæla. Einnig hvað valdi drætti á útgáfu fræðslubæklinga um erfðabreytt matvæli.

### SVEITASTJÓRNARMÁL

#### Lóðum úthlutað

Sjö lóðum við Reynisvatn í landi Reykjavíkurborgar sem hafði verið skílað inn var endurúthlutað í gær. Rúmlega ellefu milljónir króna þurfti að greiða fyrir einbýlishúslóðina.

# Lyfjameðferð dregur úr fíkniefnaneyslu

Peir sem eru með ofvirkni og athyglisbrest eru líklegri til að ánetjast fíkniefnum segir prófessor við læknadeild Harvard-háskóla. Faglegru greiningu þarf fyrir fullorðna og leita þarf fleiri lausna en meðferðar með örvandi lyfjum.

**HEILBRIGÐISMÁL** Enginn vafi er meðal vísindamanna heims um að fólk með athyglisbrest og ofvirkni, eða ADHD eins og röskunin er venjulega kölluð, er mun líklegra en aðrir til að ánetjast ávanabindandi efnum, svo sem tóbaki, áfengi eða vímuefnum. Það þykir hins vegar sýnt að meðhöndlun á röskuninni dragi verulega úr þessum áhættuþætti.

Þetta er meðal þess sem kom fram í fyrirlesturum þeirra Timothy Wilens, prófessors í geðlækningum við læknadeild Harvard-háskóla, og Matthíasar Halldórssonar aðstoðarlandlæknis sem þeir fluttu á málþingi í Háskóla Íslands á föstudag. Yfirskrift fundarins var tengsl ADHD og lyfjamisnotkunar.

Wilens varaði þó við því að fíklum og föngum væru gefin örvandi lyf þegar þeir væru meðhöndlaðir við ADHD heldur ætti að leita annarra lausna. Í fangelsum á Íslandi er það fyrirkomulag fyrir hendi. Vangaveltur eru um hvernig beri að meðhöndla fíkla sem leita á geðdeildir en hafa greiningu á ADHD og ættu því að geta fengið meðferð með örvandi efnum.

Sigurður Örn Hektorsson, geðlæknir á áfengis- og vímuefnadeild Landspítalans, ræddi um nauðsyn þess að



DR. TIMOTHY WILENS

MATTHÍAS HALLDÓRSSON

faglegra væri staðið að greiningum á fullorðnum með ADHD og meðhöndlun við henni. Rannsóknir á ADHD og lýsingar á einkennum miðuðust enn sem komið væri aðallega við börn og unglinga þótt þetta sé ein mest rannsakaða geðröskun sem um getur að sögn Matthíasar.

Þá spurði Matthías um niðurstöður nýrra bandarískra rannsókna á athyglisbresti með ofvirkni hjá börnum sem þykja benda til þess að langtímaáhrif lyfjanna Concerta og Ritalíns séu lítil. Eftir að niðurstöðurnar voru kynntar sagði

William Pelham, prófessor við Buffalo-háskóla í New York-ríki sem stjórnaði rannsókninni, að ekki væru vísbendingar sem sýndu að lyfjagjöf væri betri til langs tíma en engin meðferð. „Einu ráðin sem ég get gefið við vangaveltum sem leita á fólk eftir að hafa heyrnt um niðurstöður þessara rannsókna er að hunsu þær,“ sagði Wilens eftir að Matthías hafði borið upp spurningu sína. Wilens útskýrði því næst að í Harvard hefðu færustu fagmenn ekki getað skilið þá tölfræði sem beitt var við rannsóknir Pelhams og því væri ástæðulaust að taka þær alvarlega.

„Fréttir af niðurstöðum þessara rannsókna hafa vissulega fengið mann til að velta þessum málum alvarlega fyrir sér en ég sé ekki ástæðu til annars en að treysta orðum Wilens,“ sagði Matthías á eftir og útskýrði að hann væri einn virtasti sérfræðingur heims á þessu sviði.

karen@frettabladid.is



GEÐDEILD LANDSPÍTALANS Vandamál hafa komið upp þegar fíklar sem hafa verið greindir með ADHD leita aðstoðar og vilja fá við því örvandi lyf. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Vissir þú að...

Tíu ljósmæður útskrifast að meðaltali á ári hverju frá Háskóla Íslands.

Árið 2007 tóku ljósmæður á móti 4.560 börnum á Íslandi, 2.359 drengjum og 2.201 stúlku.

Krafist er BSc prófs í hjúkrunarfræði áður en innganga fæst í ljósmóðurfræði.

Við tökum vel á móti þér



www.ljosmodir.is

ELETROLUX - CONVOTHERM  
JÖNI - INCOLD  
ZANUSSI - ALTO SHAAM

Jóhann Ólafsson & Co.

Sundaborg 9-11 - 533-1900  
www.olafsson.is

Norðmenn semja við stjórnvöld í Evrópu:

## Senda fanga heim

**NOREGUR** Norðmenn senda stöðugt fleiri fanga til að afplána dóma í heimalandinu. Í fyrra sendu Norðmenn 260 norræna fanga til heimalands síns til að afplána fangelsisdóma en fengu 169 fanga í norsk fangelsi frá nágrönnum sínum á hinum Norðurlöndunum, að sögn norska dagblaðsins VG.

„Endurhæfingin gengur miklu betur í heimalandinu. Við verðum líka að koma í veg fyrir að fólk sitji í norskum fangelsum og skipuleggi glæpastarfsemi á norsku landi,“ segir Knut Storberget, dómsmálaráðgjafi Noregs.

Einn af hverjum fjórum föngum í Noregi er útlendingur. - ghs



Óbreytt verð - engar hækkanir!

# VANDAÐAR HÁGÆÐA ELDHÚSINNRETTINGAR



LINE

Hvít lakkað háglans, höldurlaus



COUNTRY

Fulningur - hvít lakkað, háglans



Amerísk hnota spónlögð



Ljós eik - innfelld handföng

...eitt hagstæðasta verðið á markaðnum

Töfra hornskápur



BLUM mjúklökandi skápahurðir



BLUM fullútdraganlegar og mjúklökandi skúffur  
Skúffur breidd 40-60-90-120 sm



Búr skápur

Fjölbreytt úrval af áhaldaskúffum



Glerskápar með ljósi í botni

Hálfmáni hornskápur



Til afgreiðslu af lager

Skoðið hugmyndabankann fyrir eldhús á heimasíðunni

[www.i-t.is](http://www.i-t.is)



- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 | [i-t@i-t.is](mailto:i-t@i-t.is)



**SVALUR PISSAR** Pissustrákurinn frægi í Brussel, höfuðborg Belgiu, hefur þarna verið klæddur upp sem teiknimyndafígúran Svalur í tilefni þess að belgíska teiknimyndatímaritið Spirou, eða Svalur, er sjötíu ára. NORDICPHOTOS/AFP

Margir nota reykingalyf en fáum tekst að hætta að reykja:

## Þeir sem vilja hætta að reykja þurfa aðstoð

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það sem kemur okkur helst á óvart er það að notkun nikótínlyfja er mun meiri hér en á hinum Norðurlöndunum. Miðað við það eru það vonbrigði hversu fáum tekst að hætta að reykja,“ segir Bára Sigurjónsdóttir, verkefnisstjóri tóbaksvarna hjá Lýðheilsustöð.

Nýlega voru kynntar niðurstöður rannsóknar um reykingavenjur fólks á Íslandi og kannað sérstaklega hvað einkennir þá sem hafa reynt að hætta að reykja. Það er í fyrsta sinn sem slíkt er kannað hér á landi en Lýðheilsustöð hefur reglulega kannað hve margir reykja.

Alls reykja 22 prósent Íslendinga á aldrinum 15 til 89 ára daglega og rannsóknin sýnir að 66 prósent reykingafólks höfðu reynt að hætta að reykja á síðustu tólf

mánuðum. Sjötíu prósent þeirra sem tókst að hætta að reykja fengu enga sérstaka aðstoð en rúmlega 22 prósent notuðu reykleysislyf. Nokkuð stór hluti þeirra sem enn reyktu notaði enn nikótínlyfin sem ekki er í samræmi við leiðbeiningar um notkun slíkra lyfja.

„Niðurstöðurnar sýna að fólk vill hætta að reykja en flest bendir til þess að reykingalyfin duga ekki ein og sér. Fyrir mér staðfestir þetta að fólk þarf að fá stuðning og sú þjónusta þarf að vera aðgengilegri enda er vitað að með stuðningi og lyfjum eru tvöfalt meiri líkur á að einstaklingi takist að hætta að reykja,“ segir Bára og bætir því við að víða erlendis sé slík þjónusta í boði á heilsugæslustöðvum og lyfin jafnvel niðurgreidd.



**REYKLEYSISLYF** Mörgum mistekst að hætta að reykja en halda samt áfram að nota lyfin samhliða reykingunum.

Veltipönnur - gufupottar  
eldavélar - kæliklefar  
gufuofnar - háfar

 **Jóhann Ólafsson & Co.**  
Sundaborg 9-11 - 533-1900  
www.olafsson.is

**SÍÐUSTU DAGAR  
RÝMINGARSÖLUNNAR**

**40-70%**

**AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM**

**TÆMIÐ HILLURNAR  
EKKI BUDDURNAR**

**GILDIR Í VERSLUNUM OKKAR  
Í KRINGLUNNI OG SMÁRALIND**

**visir.is**

“...ég sá það á vísi”



**ATKVÆÐAVEIÐAR Á GÖTUHORN** Hillary Clinton lét sig ekki muna um að stíga upp á kassa á götuhorni í York, fjórutíu þúsund manna bæ í Pennsylvaníuríki. Nú munar um hvert atkvæði. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Clinton berst fyrir lífi sínu

Nærrí 160 kjörmenn eru í húfi í prófkjöri Demókrataflokksins í Pennsylvaníu í dag. Hillary Clinton þarf á yfirburðasigri að halda til að eiga möguleika.

**BANDARÍKIN, AP** Enn á ný berst Hillary Clinton fyrir lífi sínu í prófkjörsbaráttu Demókrataflokksins. Kosid verður í Pennsylvaníu, þar sem kosid er um atkvæði 158 kjörmanna.

Skoðanakannarir spá henni sigri, en sigurinn þarf þó að vera stór til að sannfæra leiðtoga flokksins um að hún eigi betri möguleika en Barack Obama gegn repúblikanum John McCain.

Þau Obama og Clinton hafa verið á stanslausum þeytingi um ríkið síðustu dagana til að tryggja sér sem flest atkvæði. Á þeytingunum hafa þau látið æ harðari orð falla hvort um annað.

Obama tókst þó að hrósa andstæðingi þeirra beggja, John McCain, með nokkuð óvæntum hætti: „Hvor demókratinn sem er væri betri en John McCain, en öll þrjú værum við betri en George Bush.“

Þetta kallaði strax á viðbrögð frá Clinton: „Við þurfum framþjóðanda sem tekst á við John McCain, en hvetur hann ekki áfram.“

Peningar halda áfram að streyma í kosningasjóði þeirra beggja, en Obama stendur þó mun

betur að vígi fjárhagslega. Kosningavélar hans söfnuðu 41 milljón dala í mars, og hann hefur 42 milljónir til umráða í þessum mánuði, en í herbúðum Clintons söfnuðust aðeins tuttugu milljónir dala og í byrjun apríl hafði hún úr níu milljónum að spila. Hins vegar skuldar kosningasjóður hennar rúmlega tíu milljónir, þannig að í raun er hún í mínus.

Bandaríska fréttastofan Associated Press segir að Obama hafi nú tryggt sér stuðning 1.646 fulltrúa á landsfundi Demókrataflokksins í lok ágúst, en Clinton þykir samkvæmt sömu heimild eiga vísan stuðning 1.508 fulltrúa.

Í þessum tölum eru taldir með þeir „ofurfulltrúar“ sem þegar hafa lýst yfir stuðningi sínum við annan hvorn framþjóðandann. Til þess að hljóta útnefningu flokksins þarf atkvæði 2.025 fulltrúa.

Eftir prófkjörið í Pennsylvaníu í dag eru enn eftir prófkjör í níu ríkjum með samtals rúmlega 400 kjörmenn. Síðustu prófkjörin verða ekki fyrr en í byrjun júní, hinn 1. júní í Púertó Ríki og svo 3. júní í Montana og Suður-Dakóta.

gudsteinn@frettabladid.is

## Varnarmálaráðherra Spánar: Heimsótti herlið í Afganistan

**SPÁNN, AP** Hinn nýi varnarmálaráðherra Spánar, Carmen Chacón, fór um helgina til Afganistan til að heimsækja spænska herliðið sem er þar við friðargæslustörf. Fyrir hennar til Afganistan er fyrsta ferð hennar sem varnarmálaráðherra. Hún er komin sjö mánuði á leið með sitt fyrsta barn. Útnefning hennar hefur sætt mikilli gagnrýni en Chacón er fyrsta konan sem tekur við embætti varnarmálaráðherra Spánar. Einnig hefur vakið athygli að Chacón er frá Katalóníu og er gift borgaralega en ekki inn í kaþólsku kirkjuna.

- mnr

Smáskilaboð frá finnska forsætisráðherranum til þáverandi unnustu:

## Leynileg SMS birt í blöðum

**FINNLAND** Leynileg smáskilaboð, sem Matti Vanhanen, forsætisráðherra Finnlands, sendi þáverandi unnustu sinni, Susan Ruusunen, árið 2006 berast nú til finnskra og sænskra fjölmiðla með birtingu í huga. Það er tímaritið Suur-Tukholma, eða Stór-Stokkhólmur, í Svíþjóð sem stendur að dreifingunni. Smáskilaboðin eru stimpluð leynileg en Suur-Tukholma ætlar að birta þau í maí-blaðinu.

Smáskilaboðin fylla tíu útprentaðar blaðsíður. Forsætisráðherrann sendi Ruusunen SMS-skeytin árið 2006 meðan þau voru elskendur. Í þeim er fjallað um allt milli himins og jarðar, ástarsam-



MATTI VANHANEN

bandið, fyrirætlanir Ruusunen um að opna veislubjónustu og áhyggjur forsætisráðherrans. Einnig er hluti af yfirheyrslu lögreglunnar yfir Ruusunen vegna bókar sem hún skrifaði um samband sitt og ráðherrans.

Í SMS-unum kemur fram að Vanhanen hafi hvað eftir annað reynt að fá Ruusunen til að hætta

við að veita fjölmiðlum viðtal um samband þeirra. Í finnska dagblaðinu Hufvudstadsbladet segir að ráðherranum hafi fundist hún koma inn á mjög náin atriði í sambandinu.

Blaðið Suur-Tukholma ætlar að birta öll SMS-in í maí-tölublaði sínu með þeim rökum að þau hafi samfélagslega þýðingu, komi fólk við auk þess sem tjáningarfrelsið krefjist þess. Margir fjölmiðlar í Svíþjóð og Finnlandi hafa hins vegar ákveðið að birta þau ekki.

Stutt er síðan utanríkisráðherra Finnlands varð að segja af sér vegna smáskilaboða sem hann sendi erótískri dansmey.

- ghs

Bifhjólaslys á Húsavík:

## Grunaður um ölvunarakstur

**SLYS** Ökumaður og farþegi bifhjólshluta slæma skurði, meðal annars á fótum, þegar ökumaðurinn missti stjórn á hjólinu í Naustagili á Húsavík laust fyrir hálf tvö á sunnudaginn.

Varð slysið á vegi sem liggur frá Garðarsbraut niður að Húsavíkurhöfn en vegna hálfu er brekkan mikið sandborin á veturna. Voru mennirnir, tveir ungir karlmenn, báðir með hjálma en hvorugur á hlífðarfatnaði. Sluppu þeir við beinbrot en voru lagðir inn á sjúkrahúsið á Húsavík til aðhlyningar. Ökumaðurinn er grunaður um ölvunarakstur. Hjólið er mikið skemmt.

- ovd



**SINUBRUNAR** Stranglega er bannað að kveikja í sinu enda getur slíkt oft skapað mikla hættu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fimm útköll slökkviliðsins:

## Sinubrunar í Hafnarfirði

**UMHVERFISMÁL** Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var fimm sinnum kallað út frá klukkan hálf tíu til miðnættis á sunnudagskvöldið vegna sinuelda í Hafnarfirði.

Gróður skemmdist mikið en engar skemmdir urðu á mannvirkjum. Eldur komst þó einu sinni nálægt íbúðarhúsi og voru húsráðendur komnir út til að slökkva eldinn þegar slökkvilið bar að. Talið er líklegt að sami aðili hafi kveikt alla eldana og vildi varðstjóri hjá slökkviliðnu biðja foreldra um að brýna fyrir börnum sínum að kveikja ekki í sinu.

- ovd



**KJÖTVINNSLA** Vinstri græn skora á Alþingi að stöðva frumvarp um innflutning.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vinstri græn álykta:

## Afkoma stórra landshluta sögð vera í húfi

**LANDBÚNAÐUR** Félög Vinstri grænna í Skagafirði og Húnavatnssýslum skora á Alþingi að stöðva frumvarp ríkisstjórnarinnar um innflutning á fersku kjöti og kjötvörum.

Í ályktun félaganna segir að með frumvarpinu sé „ekki aðeins vegið að einstökum atvinnugreinum heldur afkomu heilu landshlutanna“. Þar segir jafnframt að um „algert sinnuleysi sé að ræða gagnvart séríslenskum hagsmunum“.

Fáir landshlutar eiga eins mikið undir kjötvinnslu og landbúnaði og Skagafjörður og Húnavatnssýsla.

- þo

### LÖGREGLUFRÉTTIR

#### Óku undir áhrifum fíkniefna

Lögreglan á Suðurnesjum tók tvo ökumenn aðfaranótt sunnudagsins grunaða um akstur undir áhrifum fíkniefna. Í báðum tilfellum fundust meint fíkniefni í bílum manna; um þrjú grómm í hvorum bíl.

# Verkfræði Tölvunarfræði

**VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ**    [www.verk.hi.is](http://www.verk.hi.is)

HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Skemmtilegt nám í örri þróun á traustum grunni

Nám sem býður upp á spennandi starfsmöguleika á fjölbreyttum sviðum.

- » Byggingarverkfræði
- » Efnaverkfræði
- » Fjármálaverkfræði
- » Hugbúnaðarverkfræði
- » Iðnaðarverkfræði
- » Rafmagnsverkfræði
- » Reikniverkfræði
- » Tölvunarfræði
- » Tölvuverkfræði
- » Umhverfisverkfræði
- » Vélaverkfræði

**Rafræn skráning á [www.hi.is](http://www.hi.is)**

Óánægðir íbúar í Hveragerði skila inn undirskriftalista vegna fasteignagjalda:

## Bærinn neitar að lækka fasteignagjöld

**SVEITARSTJÓRNIR** Listi með undirskriftum 385 íbúa sem vilja lækku fasteignagjalda í Hveragerði var lagður fram á fundi bæjarráðs á fimmtudaginn.

„Það er búið að vera mikil óánægja vegna hækkunar á fasteignagjöldunum. Og að við séum hærri en í Reykjavík,“ segir í skjalinu sem á rita nöfn sín þeir sem mótmæla hækkun fasteignagjalda.

Meirihluti bæjarráðs sagðist fagna þeim áhuga sem íbúar sýndu bæjarmálefnum með því að rita nafn sitt undir áskorunina en að á miðju fjárhagsári væri ekki hægt um vik að verða við áskorun af þessu tagi enda hefðu allar framkvæmdir verið löngu ákveðnar.

„Við höfum áður sagt að gjöld bæjarbúa eru ákvörðuð við fjárhagsáætlunargerð hvers árs

og svo verður einnig í ár,“ sögðu fulltrúar meirihlutans í bæjarráði, sem felldu tillögu minnihlutans um að lækka álagningarprósentu fasteignagjaldanna um nítján prósent þannig að hún yrði 0,277 prósent af fasteignamati.

„Veruleg hækkun á fasteignamati hefur leitt til þess að Hvergerðingar greiða mun hærri fasteignaskatt en íbúar nágrennasveitarfélaga,“ sagði í bókun minnihlutans, sem kvaðst telja að lækkunartillagan hefði ekki áhrif á fjárhagsáætlun bæjarins því að í henni hefði ekki verið gert ráð fyrir hækkun fasteignagjalda.

- gar

**ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR** Meirihluti sjálfstæðismanna í bæjarráði Hveragerðis segir ekki hægt að lækka fasteignaskatta núna. Aldís Hafsteinsdóttir er bæjarstjóri.

MYND/EGILL BJARNASON



Á GANGI Í SANDROKI Þessi kona lenti í sandroki miklu sem reið yfir Bagdad, höfuðborg Íraks, í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Pottar - pönnur - sleifar - ausur  
hnífapör - glös - diskar  
kokkafatnaður

**Jóhann Ólafsson & Co.**  
Sundaborg 9-11 - 533-1900  
www.olafsson.is

www.volkswagen.is

5

### Sparakstur með Volkswagen

# Það er ódýrara að bakka í stæði!

Þegar þú leggur bílnum skaltu ávallt reyna að snúa honum þannig að þú getir ekið bílnum beint úr stæðinu þegar þú þarft að nota hann næst. Þannig minnkar þú bæði eldsneytiseyðslu og slit á búnaði bílsins.

**Námskeiðin eru haldin í HEKLU við Laugaveg.**  
Lau. 19/4, kl. 10:00 Fullt  
Sun. 27/4, kl. 10:00 Fullt  
Lau. 3/5, kl. 10:00 Órfá sæti  
Mið. 7/5, kl. 19:30 Órfá sæti

Skráðu þig á námskeið í sparakstri á volkswagen.is. Aðgangur ókeypis, takmarkaður fjöldi sæta í boði.

**Das Auto.**

Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is

Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi



Auglýsingasími

# 512 50 50

– Mest lesið



**RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR** Fjórtnán prósent Reykvíkinga njóta félagslegrar þjónustu sveitarfélagsins en fimm prósent íbúa Mosfellsbæjar. Siv Friðleifsdóttir segist spyrja sig hvort fólk sem þurfi mikla og flókna þjónustu flytji til höfuðborgarinnar því þar sé þjónusta að hafa.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## Flestir njóta félagsaðstoðar hjá borginni

Fjórtnán prósent Reykvíkinga njóta félagslegrar þjónustu en mun færri í nágrennasveitarfélögunum. Lægst fer hlutfallið í fimm prósent. Dregið hefur úr þjónustu við aldraða segir Siv Friðleifsdóttir.

**FÉLAGSMÁL** Mun herra hlutfall íbúa höfuðborgarinnar nýtur félagslegrar þjónustu af einhverju tagi en íbúa nágrennasveitarfélögunna.

Svar félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur, þingflokksformanns Framsóknarflokks, leiðir þetta í ljós.

**SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR**

Fjórtnán prósent Reykvíkinga njóta félagslegrar þjónustu en sjö prósent íbúa Hafnarfjarðar, Kópavogs og Seltjarnarness. Í Garðabæ er hlutfallið sex prósent en fimm prósent í Mosfellsbæ, þar sem það er lægst.

Félagsleg þjónusta í þessu tilviki er ferðaþjónusta fyrir aldræða og fatlaða, félagslegar íbúðir, fjárhagsaðstoð og ráðgjöf, heimaþjónusta og félagsleg liðveisla og húsaleigubætur. Í svari ráðuneytisins kemur fram að ekki hafi borist samræmdar upplýsingar frá öllum sveitarfélögum. Jafnframt er upplýst að í ráðuneytinu sé unnið að frekari greiningu á félagslegri þjónustu á vegum sveitarfélaga um allt land.

Siv Friðleifsdóttir segir upplýsingarnar athyglisverðar en brýnt sé að ráðuneytið greini málið frekar, líkt og það boði.

„En það blasir við að sveitarfélögin bera misþunga byrði

### REYKJAVÍK SKER SIG ÚR

Hlutfall íbúa á höfuðborgarsvæðinu sem njóta félagslegrar þjónustu

Reykjavík	14%
Hafnarfjörður	7%
Kópavogur	7%
Seltjarnarnes	7%
Garðabær	6%
Mosfellsbær	5%

### Sveitarfélög á landsbyggðinni

Reykjanesbær	15%
Ísafjörður	14%
Akureyri	12%
Hornafjörður	12%
Árborg	10%
Fljótshálfgrönd	6%

vegna félagslegrar þjónustu og það er holar hljómur í því þegar sum sveitarfélög hæla sér af tekjuafgangi þegar augljóst er að tekjur þeirra af útsvari eru mjög mismunandi enda íbúasamsetningin misjöfn,“ segir Siv. Umhugsunarvert sé að Reykjavík skuli skera sig úr, líkt og tölurnar segja til um. „Maður spyr sig hvort þeir sem þurfa mikla og flókna þjónustu flytji til höfuðborgarinnar því þar sé þjónustuna að hafa,“ segir hún.

Siv hefur fylgst með þróun þjónustu sveitarfélaga við aldræða og segir mörg þeirra hafa dregið úr þjónustunni með árunum. Það hafi þau gert um leið og þau hafi kallað eftir aukinni aðkomu ríkisins að þjónustu við eldri borgara. Í ofanálag gumi þau af góðri afkomu. Þetta gangi ekki upp.

bjorn@frettabladid.is

**KAUPHÖLL ÍSLANDS** [Hlutabréf]

<b>OMX ÍSLAND 15</b> 5.237 <b>-1,19%</b>	<b>Fjöldi viðskipta:</b> 238 <b>Velta:</b> 1.782 milljónir
<b>MESTA HÆKKUN</b>	<b>MESTA LÆKKUN</b>
▲ <b>ATLANTIC PET.</b> +1,32%	▼ <b>EIK BANKI</b> -2,44%
	<b>SPRON</b> -2,25%
	<b>GLITNIR</b> -2,05%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,38 -0,27% ... Bakkavör 42,60 -0,23% ... Eimskipafélagið 23,00 -0,65% ... Exista 12,03 -1,72% ... FL Group 6,59 -1,94% ... Glitnir 16,70 -2,05% ... Icelandair Group 24,10 +0,00% ... Kaupþing 840,00 -1,41% ... Landsbankinn 31,10 -0,64% ... Marel 89,70 +0,00% ... SPRON 5,22 -2,25% ... Straumur-Burðarás 12,23 -0,65% ... Teymi 4,01 +0,00% ... Össur 91,00 +0,00%

**viðskipti**

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á vísir.is

**Gat lækkað vextina enn meira**

„Íbúðalánasjóður er með þessu að teygja sig eins og hann getur á móti Seðlabankanum og hávaxtastefnu hans,“ segir Hallur Magnússon ráðgjafi.



**ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR LÆKKAR VEXTI**  
Hallur Magnússon og Ingólfur Bender segja báðir að sjóðurinn hefði getað lækkað vextina meira en raunin varð.

Íbúðalánasjóður hefur þegar lækkað vexti í kjölfar útboðs á íbúðabréfum sem hófst á föstudag. Vextir af lánum með uppgreiðsluákvæði verða 5,2 prósent, voru áður 5,5. Vextir af lánum án uppgreiðsluákvæðis lækka hins vegar mun minna. Þeir voru 5,75 prósent en verða nú 5,7.

Stjórn Íbúðalánasjóðs segir að vaxtaálag vegna uppgreiðsluáhattu verði framvegis 0,95 prósentustig, en var áður minna.

Hallur bætir því við að sjóðurinn hafi ekki farið í útboð á fyrsta fjórðungi ársins. Það styðji enn fremur við markmið Seðlabankans.

Hallur Magnússon segir að sjóðurinn hefði getað skilað lægri útlánavöxtum en raunin varð. Sjóðurinn hefði hins vegar boðið út mikið af bréfum í stuttum lánaflakki, sem hafi lækkað ávöxtunarkröfu sjóðsins. „Íbúðalánasjóði hefði verið í lófa lagt að

taka einungis tilboðum í lengri flokkunum. Enda eru útlán hans fyrst og fremst til langs tíma. Allar forsendur hefðu því verið til þess að lækka vexti jafnvel niður í fimm prósent eða 5,05 prósent miðað við fyrirbyggjandi forsendur.“

Ingólfur Bender, forstöðumaður Greininger Glitnis, segir vaxtalækkun sjóðsins úr takti við við aðgerðir Seðlabankans. „Íbúðalánasjóður er ekki að spila með í þessari hagstjórn, þannig að út frá peningalegu aðhaldi myndi ég telja þetta neikvætt,“ segir Ingólfur. „En það má raunar segja sjóðnum til hróss að hann lækkaði vextina ekki eins mikið og hann hefði í rauninni getað.“

Ingólfur bætir því við að ekki sé við sjóðinn að sakast heldur fremur löggjöf um sjóðinn. „Þetta kynni hins vegar að teljast jákvætt ef lítið er til húsnæðismarkaðarins, þar sem lítið er um að vera um þessar mundir.“

- ikh

**Skilyrði yfirtöku Marel uppfyllt**

Skilyrði vegna yfirtöku Marel Food Systems á hollenska matvælavinnsluvélaframleiðandanum Stork Food Systems (SFS) hafa verið uppfyllt. Tilkynnt var til kauphallar í gær að evrópsk samkeppnisyfirlöng hefðu samþykkt kaupin án skilyrða.

Samkomulag um kaupin á SFS fyrir 415 milljónir evra var kynnt 28. nóvember sl. Kaupin voru gerð með fyrirvara um samþykki samkeppnisyfirlöng, jákvæða umsögn starfsmannasamtaka Stork (Stork Works Council) og að yfirtökutilboð eignarhaldsfélagsins London Acquisition í það sem eftir stendur af Stork-iðnsamstæðunni í Hollandi yrði skilyrðislaust.

Í tilkynningu kemur fram að Marel hafi að fullu fjármagnað kaupin á SFS með lánsfé og útgáfu nýrra hluta. - óká



**RAFLYSTAR GÖTUR** Standard & Poor's nefnir yfirburði Landsvirkjunar á íslenskum raforkumarkaði sem eina ástæðu þess að lánsþæfismatið er lækkað.

**Einkunn Landsvirkjunar lækkar**

Matsfyrirtækið Standard & Poor's hefur lækkað lánsþæfismat Landsvirkjunar og segir horfurnar neikvæðar. Lánsþæfiseinkunn fyrirtækisins var áður A+ en er nú A. Þetta gerist í kjölfar þess að lánsþæfiseinkunn íslenska ríkisins var lækkuð á dögnum. Þá endurspeglar þetta enn fremur yfirburði Landsvirkjunar á íslenskum raforkumarkaði, að því er fram kemur í frétt Forbes.

Standard & Poor's hefur einnig lækkað einkunn Landsvirkjunar vegna langtímaskuldbindinga í innlendum gjaldmiðli úr AA í AA-, en staðfestir um leið sambærilega einkunn Landsvirkjunar fyrir skammtímaskuldbindingar í bæði innlendum og erlendum gjaldeyri. - ikh

**Halldór tekur við formennsku SFF**

Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans, var kjörinn formaður stjórnar Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) á stjórnarfundum sem haldinn var á föstudag. Þar skipti stjórnin með sér verkum, en stjórnin var kjörin á aðalfundi fyrir hálfum mánuði. Sigurður Viðarsson, forstjóri TM, var kjörinn varaformaður stjórnar.

Lárus Welding, fyrrverandi formaður, og Helgi Bjarnason, fyrrverandi varaformaður, sitja áfram í stjórninni. Samtök fjármálafyrirtækja eru heildarsamtök fjármálafyrirtækja á Íslandi. Aðildarfélög eru viðskiptabankar, fjárfestingarbankar, sparisjóðir, tryggingafélög, verðbréfafyrirtæki, eignaleigur og kortafélög, í allt 42 félög. - ikh



→ [flugfelag.is](http://flugfelag.is)

# Fljúgðu fyrir klink!



## KLINK

T I L B O Ð

# 1.990

kr.

frá 24. til 29. apríl

500 sæti í boði

Aðeins bókanlegt í dag, frá kl. 10:00

Þú getur flogið fyrir aðeins 1.990 krónur, með sköttum, aðra leiðina milli Reykjavíkur, Akureyrar, Egilsstaða, Ísafjarðar og Vestmannaeyja frá **24. til 29. apríl**, ef þú **bókar á netinu** í dag á [flugfelag.is](http://flugfelag.is) **500 sæti eru í boði** svo nú er um að gera að drífa sig á netið og notfæra sér klinktilboðið.

OPIÐ  
til **20**  
alla daga

# Sumargjafir í úrvali



Bolur  
**999**<sub>kr</sub>

Viva badminton sett  
**349**<sub>kr</sub>



Latabæjar þríhjól

**8.999**<sub>kr</sub>

Verð áður 9.999.-



Húlahopp hringur  
**799**<sub>kr</sub>



Járnhjólbörur  
**1.999**<sub>kr</sub>



Sandsett 5 hlutir  
**499**<sub>kr</sub>



Fötusett með bíl  
**499**<sub>kr</sub>



Hjólbörur með fötusetti  
**2.999**<sub>kr</sub>



Hjólaskór  
st. 30-42  
**4.999**<sub>kr</sub>



Hjólaskór  
st. 30-42  
**4.999**<sub>kr</sub>



Hjólaskór  
st. 28-40  
**4.999**<sub>kr</sub>



Hjólaskór  
st. 28-40  
**4.799**<sub>kr</sub>



**RALEIGH**  
Crystal Boy 24"  
**27.999**<sub>kr</sub>



**RALEIGH**  
Crystal Girl 24"  
**27.999**<sub>kr</sub>



**CROSS**  
Speedster 20"  
**27.999**<sub>kr</sub>



Gildir á meðan birgðir endast

Nýtt  
kortatímabil!


# á ótrúlegu verði

Kjól m/ leggings  
**1.999**kr



Sollu stíðu hjól 14"  
**16.999**kr

Bolur  
**799**kr



Buxur  
**1.299**kr

Risamikado  
**1.299**kr

Sippuband  
**299**kr



Íþróttaálf hjól 14"  
**16.999**kr

**WATER**

Skóflur  
Verð frá  
**49**kr



**WATER**

Vörubíll með fötusetti  
**1.499**kr



**WATER**

Ferja með bílum  
**999**kr



**CROSS**

Impules 20"  
**27.999**kr



**PROstyle**  
Rider 20"

**12.999**kr

Verð áður 17.999.-



**PROstyle**  
Nitro 20"

**12.999**kr

Verð áður 17.999.-



**HAGKAUP**

Ein ferð betra verð

Fylgi flokka og efnahagsástandið:

## Ekki hægt að velja þann næstbesta

SVANBORG SIGMARSÓTTIR SKRIFAR

Það er auðvelt að sjá um reksturinn og skila góðu búi þegar vel árar og skattþeningarnir hrannast nánast hraðar inn en hægt er að eyða þeim. Þannig hefur ástandið verið í góðari undanfarinna ára, en nú reynir á. Almennigur fær fá haldreipi vonar í því svartsýnitali sem einkennir umfjöllun um íslenskt efnahagslíf. Á stuttum tíma féll krónan um meira en tuttugu prósent, seðlabankastjóri talaði um að húsnæðisverð myndi dragast saman um þrjátíu prósent og heyra mátti af áhyggjum af verðbólgu og atvinnuleysi. Það er ekki að undra að almennigur sé uggandi um sinn hag og vilji fá að vita hvað ríkisstjórnin ætli að gera í málinu.

Skoðanakönnun Fréttablaðsins frá því um helgina sýnir að mestu sveiflurnar séu á fylgi Samfylkingar og Vinstri grænna. Samfylking missir átta prósentustig, en Vinstri græn bæta við sig sjö. Sumir hafa reynt að benda á að þessi tilfærsla á fylgi stafi af umræðum um álversframkvæmdir, eða því að ráðherrar Samfylkingarinnar séu aldrei á landinu. Þessir þættir geta átt sinn hlut, en meginskýringin liggur í því sem skiptir alla kjósendur, alltaf, mestu máli; stöðu efnahagslífsins og væntingum þar um. Þegar blikur eru á lofti um það hvort hægt verði á sama tíma að ári að borga af húsinu, báðum bílunum og sumarbústaðnum, auk þess að hafa efni á utanlandsferðunum og tólmundastarfi barnanna, þá minnka áhyggjur af fossom og ósnortnu landsvæði.

Þegar horfurnar eru svartar, líkt og nú er talað um, minnkar stuðningur við ríkisstjórnina og þá flokka sem hana skipa. Það sem er því áhugavert nú er af hverju fylgi Sjálfstæðisflokksins sveiflast ekki meira á milli kannana og af hverju Framsóknarflokkur og Frjálslyndi flokkurinn eru ekki að bæta við sig fylgi umfram skekkjumörk, en sveiflur hjá öllum þrem flokkunum eru innan við þrjú prósentustig á milli kannana.

Nú ætti að vera gósentíð hjá litlu stjórnarandstöðuflokkunum tveimur, Framsókn og Frjálslyndum, að sækja inn á óánægða kjósendur Sjálfstæðisflokksins. Síðastnefndi hópurinn virðist eiga í fá hús að vernda þessa dagana, þrátt fyrir að vera uggandi um sinn hag og stjórnun efnahagsmála. Það er til lítils fyrir óánægða sjálfstæðismenn að segjast ætla að kjósa samstarfsflokkinn í ríkisstjórn og þrátt fyrir drauma örfárra einstaklinga um einstakt samstarf Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna er bilið milli flokkanna of stórt fyrir kjósendur að flakka þar auðveldlega á milli. Eftir stendur því valið milli Framsóknarflokks og Frjálslynda flokksins, en greinilegt er að hvorugur þeirra flokka þykir sá næstbesti. Þá er hvorugur flokkurinn að draga til sín óánægjufylgið frá Samfylkingunni, heldur rennur það þráðbeint til Vinstri grænna.

Það hlýtur að vera nokkuð áhyggjuefni fyrir leiðtoga Framsóknar og Frjálslyndra að þeir eru ekki að ná óánægjufylginu til sín, og áleitinn spurning hvað það er í málflutningi þeirra eða ímynd flokkanna sem veldur því að þeir virðist vera að festast í sessi sem örflokkar á tíma sem ætti að vera gósentíð allra stjórnarandstöðuflokkanna.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTÖÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRUI RITSTJÓRAR: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Fleipur

Margt má segja um Hallargarðinn við Fríkirkjuveg. Til dæmis að hann sé fallegur og að saga hans sé merk. Af þeim ástæðum – og svo sem fleirum – má segja að vert sé að varðveita hann í núverandi mynd. Það er hins vegar ofmælt hjá Þorleifi Gunnlaugs-syni, borgarfulltrúa VG, í grein í Fréttablaðinu í gær að Hallargarðurinn sé „helsta útivistarperla Reykvik-inga“. Fólk sækir helstu útivistarperlur Reykvikinga. Það fer í Laugardalinn, Nauthólsvík, Öskjuhlíð, Elliðaárdalinn, Fossvogsdalinn, Hljómskálagarðinn, Heiðmörk, Víðey. Það er sjaldan fólk í Hallargarðinum. Þess vegna nær hann því ekki að vera útivistarperla. Hvað þá helsta útivistarperla Reykvikinga.

#### Óboðlegt

Það er annars til marks um dugleysi borgaryfirvalda að í fjórgang hefur borgarráð slegið á frest að afgreiða samning um sölu Fríkirkjuvegar 11. Borgin auglýsti húsið til sölu og sá sem bauð best vill leggja nýjan veg að því. Sá vegur þyrfti að liggja um hluta Hallargarðsins. Vel má vera að það sé dónaskapur og yfiringangur að vilja leggja slíkan veg. Líka má vel vera að það sé hið eðlegasta mál. Hvað sem mönnum finnst þurfa borgaryfirvöld að klára málið. Fólk var kjörið í borgarstjórn til þess að taka ákvarðanir.

#### Er úttektin ekki hafin?

Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknar, er sú yfir útkomu flokksins í fylgiskönnun Fréttablaðsins. Hún segir stöðuna grafalvarlega og vonbrigði. „Við verðum að taka okkur á og fara í úttekt á því hvað gera skal,“ segir hún. Þetta hefur heyrst áður. Alveg frá síðustu kosningum. Enda úrslit þeirra hörmung fyrir flokkinn. Þáverandi formaður boðaði úttekt, núverandi formaður boðaði líka úttekt. Einhver skyldi ætla að slík úttekt væri hafin. Og jafnvel vel á veg komin. En svo er greinilega ekki. Hefur forysta Framsóknarflokksins eitthvað að óttast sem komið gæti í ljós við úttekt?

bjorn@frettabladid.is



## Í tilefni af viðtali við Vilhjálm Egilsson

Sunnudaginn 20. apríl sl. birtist í Fréttablaðinu viðtal við Vilhjálm Egilsson, framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins. Hann varpar sem fyrr fram fullyrðingum sem tæplega fá staðist og er ekki fremur en áður beðinn að skýra orð sín né að lýsa hvernig hann ætlar að draga úr verðbólgu með slakari peningastefnu.

Af málflutningi hans undanfarna mánuði og misseri verður ekki önnur ályktun dregin en sú að hann hefði fremur kosið meiri verðbólgu en minni og að kjarabætur sem hann hefur samið um fyrir hönd samtaka sinna yrðu teknar til baka í formi verðbólgu. Ábyrgð Vilhjálms er mikil og nær væri að hann stýddi viðleitni Seðlabankans og annarra til þess að koma böndum á verðbólgu og endurvinna stöðugleika í íslensku efnahagslífi. Það er brýnasta hagsmunamál fyrir-tækja og heimila. Víst er að minna aðhald peningastefnunnar myndi ekki draga úr verðbólgu.

#### Sömu uppgjorsreglur

Ég ætla ekki að elta ólar við málflutning Vilhjálms hér en hlýtt þó að víkja að einu atriði. Hann segir Seðlabankann stórlega ofmeta nettóskulda-stöðu þjóðarbúsins við útlönd og leggur áherslu á að bankinn stígi fram og viðurkenni að hann hafi ekki verið með réttar tölur. Seðlabankinn hefur ítrekað gert grein fyrir því að greiðslu-jöfnuð og skuldastöðu við útlönd gerir hann upp samkvæmt alþjóðlegum stöðlum líkt og allar aðrar þjóðir. Í því uppgjöri eru fjármunaeignir metnar á



INGIMUNDUR FRÍÐRIKSSON Í DAG | Efnahagsmál

markaðsverði þar sem því er til að dreifa, annars á bókfærðu verði. Allir fylgja sömu uppgjorsreglum enda er það forsenda þess að hægt sé að bera saman tölur á milli landa. Seðlabankinn hefur á hinn bóginn oft nefnt að erlenda skuldastaðan kunni að vera ofmetin.

#### Mat á óskráðum eignum

Í Peningamálum sem gefin voru út 10. apríl sl. birtist grein eftir Daníel Svavarsson, hagfræðing í Seðlabankanum, þar sem beitt er áþekktum aðferðum og notaðar hafa verið annars staðar til þess að meta verðmæti erlendra eigna sem ekki eru skráðar á markaði.

Annars staðar hafa þessir útreikningar verið kynntir til skýringar þegar munur hefur verið á þeim og hinu opinbera uppgjöri, eins og hér var gert nú. Auðvitað verður að hafa fyrirvara á nákvæmni þessara útreikninga þar sem þeir fela í sér mat á markaðsverði eigna sem ekki eru skráðar á markaði og þar með ekki til markaðsverði á. Niðurstaða Daníels er hins vegar sú að miðað við áætlað markaðsverðmæti beinnar fjármunaeignar innlendra aðila í

útlöndum og erlendra aðila hér á landi var hrein erlend staða þjóðarbúsins við útlönd í lok þriðja ársfjórðungs 2007 neikvæð um sem nemur 27% af vergri landsframleiðslu en ekki 120% eins og hið opinbera og alþjóðlega viðurkennda uppgjör sýnir.

Líklegt er þó að hlutföll á milli markaðsverðs og bókfærðs verðs skráðra eigna, sem notuð eru til að meta verðmæti óskráðra eigna, feli í sér eitthvert ofmat á söluverði eigna vegna þess að seljanleiki óskráðra eigna er minni en skráðra.

#### Afsökunarbeiðni ekki þörf

Þótt ekkert verði fullyrt um hve miklu betri nettóskuldastaðan er en birtist í hinu opinbera og viðurkennda uppgjöri benda útreikningarnir til þess að nettóskuldir þjóðarbúsins séu mun minni en uppgjörið gefur til kynna.

Þessar ótvíræðu vísbendingar eru auðvitað jákvæðar og rétt að vekja á þeim athygli eins og gert er í Peningamálum nú. Seðlabankinn þarf hins vegar ekki að viðurkenna neina villu eða biðjast afsökunar á neinum tölum í þessum efnunum. Hann gerir upp samkvæmt sömu reglum og aðrir og birtir til frekari skýringar vandaða greiningu á þáttum sem hið opinbera uppgjör nær ekki að fanga, líkt og annars staðar hefur verið gert. Ekki verður séð hvað Vilhjálm Egilssyni gengur til með málalíbúnaði sínum.

Höfundur er bankastjóri Seðlabanka Íslands.

## Evru-banki og önnur meðul

#### UMRÆÐAN

Lúðvík Gizurarson skrifar um efnahagsmál

Samkvæmt fréttum vilja margir hér á landi hafa viðskipti sín í evrum. Greinarhöfundur telur að opna eigi þennan möguleika hægt og rólega. Besta leiðin væri sú, að stór og ríkur evru-banki í Evrópu setti hér upp útibú, sem væri eingöngu með viðskipti í evrum og hefði í gegnum eiganda sinn í Evrópu óbeinan aðgang að seðlabanka evrunnar. Sett fram sem tillaga um vitræna aðgerð í öllu ruglinu hér í dag.

Svo hlaupið sé úr einu í annað, þá þarf að nota önnur meðul en stýrivexti til að hafa hemil á verðbólgunni. Örugglega hafa háir stýrivextir öfug áhrif. Háir stýrivextir draga hingað erlent lánsfé, sem er svo dælt út með okurvöxtum til að græða á. Valda þenslu. Með lækkuðum núverandi stýrivaxta vilja erlendir okurlánsgjafir ekki lána okkur lengur og allt dregst saman. Verðbólgan lækkar og allt verðlag. Lægri vextir lækka allt verðlag.



LÚÐVÍK GIZURARSON

Gott dæmi um verðbólgu höfum við þessa dagana. Ríkissjóður gæti lækkað bensín og dísilolíu niður í rúmar 100 kr. og lækkað þannig verðbólgu í þjóðfélaginu. Ríkissjóður tapaði að vísu tekjum í bili alla vega, en er skuldlaus og hefur vel efni á þessari lækkuð á tekjum með því að fella niður föst gjöld sín. Allir nota bensín og barnafjölskyldur oft einna mest. Nú hækkar matvara handa börnun og kæmi lækkuð á bensín á móti. Hækkun stýrivaxta hækkar bæði mat og bensín.

Fasteignamarkaðurinn má ekki hrynja (30%) eins og Seðlabankinn spár. Það nálgast glæp. Er aleiga fólks. Finna þarf nýjar leiðir til að hús og íbúðir geti gengið kaupum og sölum án þess að skapa verðbólgu. Þetta er algjör grundvöllur hagkerfis almennings. Stöðugleiki þarf að vera í þessum viðskiptum. Til að sýna lit gæti ríkið greitt niður (um 2-3%) vexti íbúðalánsgjós með vaxtabótum. Sleppa þeim á móti. Fá fólk til að trúu að eitthvað geti lækkað en kaup hækkað.

Höfundur er hæstaréttarlögmaður.



### Vor í Kaupmannahöfn!

Come2 Scandinavia er með tvær íbúðir í miðborg Kaupmannahafnar. Einungis 15mín gangur að Ráðhústorgi. Þetta er frábær og ódýr lausn fyrir hópa og fjölskyldur sem vilja hafa það gott yfir helgi eða viku í Köben. Erum einnig með góð verð á bílaleigubílum.

Nánari upplýsingar á [www.come2scandinavia.com](http://www.come2scandinavia.com)



Sími: +45 3325 6425 • Netfang: [info@come2scandinavia.com](mailto:info@come2scandinavia.com)



**HNLFI** í Hveragerði verður með heilsusamlegt hádegisverðarhlaðborð á sumardaginn fyrsta og er öllum velkomið að koma. Verð fyrir fullorðna er 1.350 krónur en frítt er fyrir börn yngri en tólf ára. Gestum býðst síðan að hafa það gott í nýju baðhúsi stofnunarinnar án endurgjalds.



**Heilsukostur** – Kökur og eftirréttir heitir námskeið sem kennt verður hjá Manni lifandi í dag, þriðjudaginn 22. apríl, frá klukkan 18 til 20. Auður Ingibjörg Konráðsdóttir kennir hvernig á að töfra fram holla en góða eftirrétti án mikillar fyrirhafnar og gefur uppskriftir.



**Hjúkrunarþjónusta** er í boði í tveimur verslunum Lyfju, í Lágmúla og á Smáratorgi. Hægt er að leita ráðgjafar um val og notkun á allri almennri hjúkrunarvöru og ýmiss konar stoðvöru en í Lágmúla fást ýmsar hjúkrunarvörur og hjálpartæki sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir niður.

# allt

## HÚSGAGNA LAGERSALA

Engar Verðhækkningar!  
Allar vörur á gamla **genginu**

### FRAMLEIÐUM

Sófasett, hornsófa, staka sófa, tungusófa og fl.

ATH . verðið kemur á óvart

**Verðdæmi:** Sófar 3+1+1 = 99.900 kr

Vísu/Euro/K-lán /Raðgreiðslur

### Opnunartími

Mán - Föstudagar **09 - 18**

Laugardaga **11 - 16**

**Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510**



### Afmælistónleikar

23. apríl 2008 ~ kl. 20.30  
í Austurbæ

Á þessu ári á Mosfellskórinn 20 ára starfsafmæli. Af því tilefni verða haldnir veglegir tónleikar í Austurbæ, þann 23. apríl kl. 20.30.

Á söngskránni er fjölbreytt úrval laga sem kórinn hefur flutt frá upphafi ásamt nýju efni

Kórstjóri frá upphafi er **Páll Helgason**.

Til að gera tónleikana enn veglegri leikur

hljómsveit með kórnum að þessu sinni.

Hljómsveitina skipa landskunnir hljóðfæraleikarar sem eru:

**Óskar Einarsson**,  
hljómsveitarstjóri, hljómborðsleikari

**Jóhann Ásmundsson**,  
bassaleikari

**Gunnlaugur Briem**,  
trommuleikari

**Sigurgeir Sigmundsson**,  
gítarleikari

Miðaverð kr. 2000 ~ Miðasala í Austurbæ og á midl.is



Vala Mörk Jóhannsdóttir segir æfingar með ketilbjöllu skila sér í daglegu amstri.

## Kraftur í ketilbjöllu

**Ketilbjöllur voru notaðar fyrir á tímum til að vigta korn á ökrum Rússlands. Vala Mörk Jóhannsdóttir notar þær sem lóð í líkamsrækt.**

Orðið ketilbjöllur kemur frá formi lóðanna en þau eru kúlur með handfangi og minna á teketil án stútsins. Vala Mörk Jóhannsdóttir kynntist ketilbjöllunum í Danmörku og flutti þær með sér heim.

„Ég fór að kynna mér þetta í Danmörku árið 2006. Ég keypti mér ketilbjöllu og fór að æfa með henni. Ég fann hvað þetta hafði góð áhrif á líkamann og skráði mig strax á leiðbeinandanámskeið,“ segir Vala en hún hefur verið með ketilbjöllunámskeið hér á landi undanfarið eitt og hálf ár. Hún er iðjuþjálfari að mennt en hefur snúið sér að einkabjálfun.

„Nú vinn ég með fólki áður en það veikist,“ segir Vala.

Ketilbjöllurnar eru misþungar og er sú léttasta

átta kíló og sú þyngsta 48 kíló. Æfingar með ketilbjöllum ganga út á að nota sem flesta vöðva líkamans og vinna bæði með þol og styrk í einu. Vala segir ketilbjölluþjálfunina gagnast fólki í amstri hversdagsins.

„Æfingarnar skila sér í daglega lífinu hvort sem það er við að bera innkaupapokana eða eltast við krakkana. Það er ekki einungis vegna þess að styrkurinn og þolið eykst heldur verða skilaboð til taugakerfis og vöðva skýrari. Ég hef verið að kynna ketilbjölluþjálfun fyrir einkabjálfurum hér á landi og áhuginn fer vaxandi.“

Vala hyggst kenna ketilbjöllunámskeiðin fram á sumarið en svo ætlar hún að breyta til. „Það tekur einhver við af mér því ég ætla með fjölskylduna í heimsreiðu. Við erum búin að safna fyrir ferðinni í nokkur ár og ætlum í kringum hnöttinn og stoppa á hverjum stað. Ketilbjöllurnar eru sameiginlegt áhugamál mín og mannsins míns svo við kíkjum örugglega á þær í leiðinni.“

heida@rettbladid.is

**APRÍL**  
**Kafbátur mánaðarins**  
**Krabbabátur**  
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

**6 tommu bátur**  
**329 kr.**

Gildir í apríl 2008  
Gildir ekki með öðrum tilboðum  
Gildir ekki í Stjörnumáli



**SUBWAY**

**17**  
Subway staðir  
um allt land



**Næstu fyrirlestrar og námskeið**

**Heilsuvörumarkaður**

Opið virka daga kl. 10-20  
laugardaga kl. 10-17



**maður lifandi**  
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

22. apríl kl. 18:00 - 20:00  
Heilsukostur - Kökur og eftirréttir  
Auður I. Konráðsdóttir heilsukokkur

29. apríl kl. 18:00 - 21:00  
Heilsukostur - Matreiðslunámskeið  
Auður I. Konráðsdóttir heilsukokkur

30. apríl kl. 20:00 - 22:00  
Hvað á ég að gefa litla barninu mínu að borða?

Ebba Guðný Guðmundsdóttir kennari

3. maí kl. 10:30 - 11:30  
Opin Hláturjógatími

# Örugg út í sumarleikina

Að gefa barni sumargjöf er gamall og fallegur siður. Algengt er að gefa íslenskum börnum reiðhjól eða útileikföng á sumardaginn fyrsta, en útileikjum fylgja hættur skorti leikföngin öryggi.

„Það er ekkert sem jafnast á við hressandi útivist og leiki á löngum sumardögum, en ávallt brýnt að foreldrar séu vakandi yfir öryggisbúnaði leikfanga og velji börnum sínum réttar aðstæður til leiks og sumarfjörs,“ segir Fjóla Guðjónsdóttir, sérfræðingur hjá Forvarnarhúsi Sjóvá, en eftirfarandi ráðleggingar Forvarnarhúss ættu allir að lesa.

**Trampólín**

Yfir sumartímamann verða mörg slys á trampólínum; sum alvarleg. Trampólíni sjálf orsaka ekki slysin heldur staðsetning þeirra og notkun. Margir geyma trampólínið utanhúss allt árið, en í vetrarveðráttu slitna gormar og hlífar. Í kringum trampólín þarf að vera gott pláss til hliðanna og ofan við, en borið hefur á því að trampólín séu sett undir svalir og við hlið girðinga. Trampólín þarf ávallt að vera á mjúku undirlagi, eins og grasi, en aldrei malbiki eða steptum stéttum, og aldrei í halla. Öryggisnet er nauðsynlegur aukabúnaður, en foreldrar þurfa að setja umgengnisreglur því sum börn nota netin fyrir hliðarspyrnu og af því geta hlotist slæm slys. Stór og lítil börn mega aldrei hoppa samtímis vegna þyngdarmismunar. Alvarleg slysaætta skapast þegar stór börn detta ofan á lítil börn eða skjóta þeim út af trampólíninu. Þá þarf að kenna börnum að detta rétt. Til að stoppa sig er ráð að beygja hnén til að draga úr hraða. Einnig er mikilvægt að hafa hendur fyrir framan sig en ekki aftan til þess að koma í veg fyrir handaráverka þegar dottið er. Aldrei skal hoppa á blautu trampólíni vegna hállu.

**Reiðhjól**

Í íslenskum verslunum er algengt að reiðhjól uppfylli ekki lágmarks skyldubúnað. Reiðhjól barna og unglinga þurfa að vera með bjöllu, bremsur að framan og aftan, hvítu glitmerki og hvítu ljósi að framan, keðjuhlíf, glitmerki á fótstigum, teinaglti, lás, rauðu glitmerki og rauðu ljósi að aftan, allan ársins hring. Börn vaxa á milli ára og því mikilvægt að stilla hnakk og stýri þannig að hjólið passi barninu. Einnig þarf að láta hjólaverkstæði yfirfara og endurstilla gíra og bremsur fyrir sumarið.

**Hjálmar**

Foreldrar eru fyrirmyndir barna og ættu ávallt að nota



Fjóla Guðjónsdóttir hjá Forvarnarhúsi Sjóvá með vel búið reiðhjól og hjálm til hjólríða, en börnum yngri en fimmtán ára ber skylda að hjóla með hjálm á höfði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

hjálmna við hjólríðið, en slíkt heldur hjálmanotkun að börnum. Stilling hjálma er flókin, en rangt stilltur hjálmur gerir ekkert gagn. Því er mikilvægt að hjálmar séu stilltir af nákvæmni, en stærð þeirra fer ávallt eftir höfuðmáli í sentimetrum og því áriðandi að tekið sé höfuðmál þess sem nota á hjálminn áður en hjálmur er keyptur. Gott er að leita til sérfræðinga í hjólaverslunum vegna þessa. Samkvæmt reglugerð eiga öll börn undir fimmtán ára aldri að vera með hjálm. Á heimasíðu Forvarnarhússins eru ítarlegar leiðbeiningar um réttar stillingar á hjálum og skyldubúnað á reiðhjólum.

thordis@frettabladid.is

Velkomin til okkar  
**Lesblindulist**  
-lesblinda er náðargáfa  
[www.lesblindulist.is](http://www.lesblindulist.is)  
Víðiteig 8 Mosfellsbæ

**Stinnari á 4 vikum...**  
Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!

**SLENDERTONE**  
System belti fyrir kvíðvöðva  
dómu / herra kr. 22.980,-  
eða 7.660 á mán. í 3 mán.

allt fyrir kroppinn  
**HREYSTI**  
Skeifunni 19 - S. 568 1717  
[www.hreysti.is](http://www.hreysti.is)

**Borðaðu þig granna(n)**

Íslensku Vigtarráðgjafarnir

Nánari upplýsingar  
Sími 865-8407

[www.vigtarradgjafarnir.is](http://www.vigtarradgjafarnir.is)

**allt heilsa**  
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

**Efalex**  
Vertu skarpari!  
Efalex eflir einbeitingu og sjón og stuðlar þannig að betri námsárangri.

**Efalex** er einstök samsetning úr hreinni kvöldvorrórsarolíu og fiskiolíu sem innihalda þrjár mikilvægar fitusýrur, DHA, AA og GLA ásamt tveimur öflugum andoxunarefnum, E-vítamíni og tímían olíu sem vinna saman að viðhaldi lífsnauðsynlegra fitusýra í líkamanum. Nægt magn þessarra olía í líkamanum stuðla að skarpari hugsun og betri einbeitingu sem eykur færni okkar til þess að læra.

Vönduð blanda fiski- og kvöldvorrórsarolíu sem eflir og styrkir:  
• Hugsun  
• Einbeitingu  
• Sjón  
• Hormónajafnvægi

**Einstakt gegn lesblindu og ofvirkni.**

Hentar fólki á öllum aldri.

Fæst í fljótandi formi og hylkjum í lyfja- og heilsuverslunum.

**heilsa**  
-hafðu það gott

**Jóga í Skagafirði**  
SAHAJA-JÓGA VERÐUR KYNNT Á SÆLUVÍKU SKAGAFIRÐINGA SEM HALDIN ER SÍÐUSTU VIKU APRÍL-MÁNADAR ÁR HVERT.

Kynningarfundur um sahaja-jóga verður haldinn þriðjudaginn 29. apríl í Framsóknarhúsinu á Sauðárkróki. Benedikt Laffeur, leiðbeinandi í sahaja-jóga, stendur fyrir kynningunni en hann leiðbeinir einnig sahaja-jóga á Akureyri.

Benedikt segir sahaja-jóga hjálpa fólki að virkja lífskraftinn í sjálfu sér, auka þol og úthald og sjá lífið og tilveruna í réttu ljósi, án þess að dæma aðra eða sjálf-an sig.

Á vefsíðunni [www.sahajayoga.is](http://www.sahajayoga.is) má fræðast um höfund sahaja-yoga, Shri Mataji Nirmala Devi. Kynningarfundurinn á Sauðárkróki verður öllum opin og hefst klukkan 18.

- rat

**kristy.is**  
Póstsendum um land allt  
Sími: 437 1234

VICTORIA'S SECRET  
Bath & Body Works  
JONATHAN







# flutningar

ÞRIÐJUDAGUR 22. APRÍL 2008

Halló Norðurlönd  
aðstoða við flutninga  
innan Norðurlanda.  
BLS. 4



FRÉTTABLAÐIÐ

NORDICPHOTOS/GETTY

## 5 stjörnu ferðafrelsi

Húsbílar frá Weinsberg og McLouis

[www.ferdaval.is](http://www.ferdaval.is)



Lundi við Vesturlandsveg Sími 578 5500



Forðast má þursabit og bakmeiðsli með því að beygja sig rétt í flutningum.

## Flutt með gát og fyrirbyggju

Rétt líkamsstaða og réttur útbúnaður skipta höfuðmáli í vel heppnuðum flutningum. Gott er að nota vinnuvettlinga við mikinn burð og klæðast skóm með stáltá. Með því má forða tá- og fótbroti ef hlassið er þungt og fellur úr höndum. Þá er mikilvægt að passa vel upp á bakið í flutningum; bogra ekki yfir hlutunum heldur beygja sig í hnjúm og krjúpa þegar lyfta á þungum kössum og húsmunum, en það jafnar átak og minnkar álag á bakið. Útkoman verður mun ánægjulegri flutningur og ánægðari kroppur eftir erfiðid.



Máli skiptir að velja sér góða kassa en fallett útlit skemmir heldur ekki fyrir og getur verið til prýðis.

## Pakkað og merkt

Að ýmsu þarf að huga við búslóðarflutninga, meðal annars að verða sér úti um góða kassa. Þá getur verið heillaráð að komast yfir sterkbyggða kassa sem má nota aftur og eins geyma hluta af búslóð í um ótiltekinn tíma.

Plastkassar eru kjörnir til þess en þá er meðal annars hægt að nálgast í IKEA og eins er hægt að fá sérstaka geymslukassa í Kassagerðinni.

Eins er gott að flokka hluti í kassa eftir einstaka herbergjum og merkja innihald og herbergi utan á kassa, til dæmis áhöldeldhús og þar fram eftir götum.

Gott getur verið að merkja sérstaklega kassa með brot-hættu innihaldi og gæta þess að setja ekki aðeins þunga hluti í einn kassa og létta í annan heldur dreifa þungum hlutum í nokkra kassa, til að létta undir með flutningamönnum.

Þá er sniðugt að safna dagblöðum í nokkurn tíma fyrir búslóðarflutning enda pappírinn fljótur að hverfa þegar verið er að pakka ofan í kassa.

# Ferðir betur nýttar en áður

Flutningur.is er ný vefur sem gerir bílstjórum kleift að nýta ferðir sínar til hins ýtrasta. Tvíburabráðurnir Stefán Halldór og Kristján Árni Kristjánssynir, sem standa að verkefninu, hafa það að leiðarljósi að með síðunni geti allir Íslendingar nýtt sér betur ferðir sendibílstjóra sem flakka landshorna á milli.

Flutningur.is er þjónusta með tvenns konar hlutverk. Annars vegar geta bílstjórar skráð inn ferðir á síðunni þegar þeir eru með tóman bíl á heimleið og geta boðið þá ferð á niðursettu verði. Hins vegar getur almenningur sent inn fyrirspurn eða ferðabeiðni í gegnum síðuna sem reynt verður að uppfylla.

„Við skulum segja að þú sért bílstjóri og búinn að skrá þig þarna inn,“ segir Stefán. „Þá er þitt símanúmer inni og allar upplýsingar um þig. Þú skráir ferð sem þú ert að fara og að þú losnir kannski á Akureyri á morgun. Ef einhver á Akureyri vill nýta þig á heimleiðinni til Reykjavíkur, spyrst viðkomandi fyrir um þig á vefnum og bílstjórinn fær SMS-skilaboð með símanúmeri kunnans og ferðina sem hann spurði um. Þá er þetta orðið persónulegt og bílstjórinn kominn í beint samband við kunnann.“

Stefán segir algjört aukaatriði hvort kunninn þurfi að láta flytja fyrir sig bretti milli landshluta eða búslóð til Noregs. Allt sé inni í myndinni og aðalatriðið að bílstjórar séu ekki að aka með tóma bíla. „Ef ég fengi til dæmis flutning til Egilsstaða, þá set ég inn á heimasíðuna flutning frá Egilsstaðum og heim. Þá er ég að nýta ferðina til baka, og þar af leiðandi er sú ferð seld á kostnaðarverði. Nú eru allar bensinstöðvar komnar með internet, svo það geta



Tvíburabráðurnir Stefán Halldór og Kristján Árni Kristjánsson reka flutningafyrirtækið K & S sf. og standa jafnframt á bak við heimasíðuna flutningur.is.

MYND/RÓBERT HAFSTEINSSON

allir farið inn á netið, uppfært og tékkað. Þetta er allt orðið svo dýrt hérlendis að síðan hlýtur að vekja eftirtekt.“

Kristján, tvíburabráður Stefáns, vonast einnig til þess að síðan vekji verðskuldaða athygli. „Verði þessi síða vinsæl meðal almennings þá er viðbúið að einyrkjar láti í auknum mæli vita af ferðum sínum.“ Hann bendir á að dæmigerð auglýsing bílstjóra gæti hljóðað einhvern veginn svona: „Er að fara norður með vörur, losna fyrir norðan, get tekið vörur til baka.“ Svo bætir hann við: „Ég fór til dæmis með tóman bíl til Hornafjarðar að sækja vörur. Ég hefði alveg viljað fara með vörur austur í leiðinni fyrir lítið, bara til að fá eitthvað upp í olúkostnaðinn. En svona er þetta blessaða líf!“

-nrj



K & S sf. er með ellefu bíla. Þar af eru fimm litlir bílar og sex stærri. Af þeim stærri eru fimm með alopunarkassa; þrjú þeirra tekið allt að fimmtán tonn og tveir geta tekið níu tonn. Sjötti stóri bíllinn er kranabíll, sem er hentugur í útkeyrslu á hellum, jarðvegi og fleiru.

MYND/FLUTNINGUR.IS

# Frá heimili til heimilis

**Pökkun og flutningar, öðru nafni Propack, sérhæfir sig í pökkun og frágangi á búslóðum til flutnings innanbæjar, milli landshluta eða landa. Fyrirtækið sér um allt sem búslóðarflutningum viðkemur hvort sem það er að meta umfang búslóðar, gera verðtilboð, pakka niður búslóð eða taka upp úr kössum á áfangastað.**

„Við pökkum hverju sem er niður, hvort sem það eru bækur, föt, gleraugu og svo framvegis,“ segir Viðar Pétursson, pökkunar-sérfræðingur hjá fyrirtækinu Propack. „Eigandinn þarf í raun ekki að vera á staðnum og oft er hann það ekki. Sjáðu til dæmis fyrir þér einbýlishús, þar sem maðurinn er að vinna og konan ein heima með þrjú eða fjögur börn. Hún hefði varla ráðrúm að pakka búslóðinni niður, sérstaklega ekki þungum hlutum, og annast börnin. Þar komum við hjá Propack til hjálpar.“



Viðar Pétursson, starfsmaður hjá Propack, segir mikilvægt að vanda vel til verka við pökkun og flutning á búslóðum svo þær verði ekki fyrir hnjaski.

FRÉTTABLAÐIÐ/ROSA

Viðar segir flutninga vandmeðfarna þar sem vel verði að ganga frá búslóð svo hún skemmist ekki. „Það þarf að gera þetta rétt, því ekki vill maður fá búslóðina í klessu þegar á leiðarenda er komið, hvort sem endastaður er Hólmavík eða Bonn.“

Propack sér um að senda bú-

slóðir til útlanda þar sem erlendir samstarfsaðilar fyrirtækisins taka á móti þeim. Eins tekur fyrirtækið við búslóðum frá útlöndum, leysir þær úr tolli og annast alla pappírsvinnunna sem því fylgir.

Inntur eftir því hvort einhverjar nýjungar hafi orðið í búslóða-

flutningum milli landa síðustu ár segir Viðar svo ekki vera. „Helsta nýjungin sem mér dettur í hug er meiri skriffinnska í kringum flutninga. Skjalagerðin er að þyngjast og tollafgreiðsla erlendis og hérlendis er tímafrekari en áður. Það er til dæmis orðið miklu strangara að senda vörur til Bandaríkjanna og ganga þarf frá öllum pappírnum miklu fyrr en gert hefur verið.“

Að sögn Viðars tryggja fagmannleg vinnubrögð í flutningum það að búslóðin komist heil til skila og er meðal annars nauðsynlegt að tryggja búslóðina. Hann segist hafa heyrt ýmsar hrakfallasögur af flutningum þar sem fólk annaðist sjálft pökkun og raðaði til dæmis ekki rétt í gámana þannig að búslóðin varð fyrir skemmdum. „Maður hefur líka heyrt sögur af fólki sem pakkar sjálft og liggur svo í kjölfarið vikum saman með einhver meiðsl; fólk ætlar sér kannski að bera upp ísskápinn eða ömmuskenkinn eftir fimmtán ára skrifstofustörf og festist síðan í baki vikum saman.“

-nrj



# Afrétting og heflun ehf.

Sími 892-5905.  
Guðmundur Böðvarsson



## Flestir spyrja um Danmörku

Upplýsingaþjónustan Halló Norðurlönd er samnorrænt verkefni sem aðstoðar við flutninga innan Norðurlandanna.

„Okkar hlutverk er að aðstoða fólk sem flytur á milli Norðurlandanna. Við svörum spurningum um öll praktísk atriði sem koma upp og reynum einnig að berjast gegn landamærahindrunum,“ segir Alma Sigurðardóttir, verkefnisstjóri hjá upplýsingaþjónustunni Halló Norðurlönd, eða Hallo Norden, sem hefur starfað í sjö ár á Íslandi.

Þjónustan er samnorrænt verkefni sem er fjármagnað af Norrænu ráðherranefndinni. Aðalstöðvar eru í Danmörku og auk útibúa í Danmörku og á Íslandi eru útibú í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Rekstur allra útibúanna er síðan í höndum norrænu félaganna í hverju landi fyrir sig.

Alma Sigurðardóttir, verkefnisstjóri hjá upplýsingaþjónustunni Halló Norðurlönd eða Hallo Norden, segir góðan undirbúning við flutning aðalmálið.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Flestir sem leita hingað eru Íslendingar sem eru að flytja alfarinn út eða að fara í nám. Yfir helmingur þeirra sem leita til okkar er að fara til Danmerkur, en síðan spyrja sumir einnig um Svíþjóð og Noreg,“ segir Alma. Hún segir fólk helst velta fyrir sér vinnu og húsnæði. „Við aðstoðum við atvinnu- og húsnæðisleit en miðlum hvorugu. Hins vegar beinum við fólk á rétta staði,“ segir Alma.

Íslendingar eru stærsti hluti þeirra sem leita til þjónustunnar hérlandis og á síðasta ári bárust 747 fyrirspurnir. Einnig leita þangað þó nokkrir Norðurlandabúar sem flytja til Íslands árlega og velta vöngum yfir gangi mála. „Erlendar fyrirspurnir snúast mikið um hvar fólk á að leita læknaaðstoðar á Íslandi. Síðan eru nokkrir sem eru að leita að starfi. Þá veitum við fólk upplýsingar um íslenskar atvinnumiðlanir,“ segir Alma.

Að öllu jöfnu á ekki að vera flókið fyrir Norðurlandabúa að flytja á milli þessara landa. Hins vegar segir Alma að löggjöf í hverju landi fyrir sig geti valdið vanda. „Norðurlanda-

samningarnir eru í aðalatriðum mjög góðir. Hins vegar er löggjöfin í hverju landi stundum ákveðin áskorun,“ segir Alma og nefnir sem dæmi þungaðar konur sem hafa misst rétt á fæðingarorlofi og Íslendinga sem flytja heim án pappíra til þess að komast á ný inn í almannatryggingakerfið.

„Góður undirbúningur er aðalmálið. Þess vegna hvetjum við fólk eindregið til að leita til okkar og kanna alla málavexti áður en flutt er,“ segir Alma og bætir við að þjónustan eigi gott samstarf við yfirvöld á Íslandi. Þar nefnir hún meðal annars bæklinga sem dreifðir eru á vinnumiðlanir, Lánasjóð íslenskra námsmanna og Hag- og skattstofu á Íslandi. „Við höfum haldið námsskeið fyrir íslenska embættismenn um Norðurlandasamningana. Það hefur gengið mjög vel og sem betur fer eru þeir vel að sér og í raun mun betur en flestir á hinum Norðurlöndunum.“

Upplýsingaþjónustan Halló Norðurlönd er til húsa að Óðinsgötu 7. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 5111808 eða á [www.hallonorden.org](http://www.hallonorden.org)

-rh

60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004

MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhöfðustu.

## HANN ER GRIMMUR!

MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER

### SKOTBÓMULYFTARI

Fjór hjóladrífinn  
Fjór hjólastýrður  
Lyftigeta: 3.400 KG  
Lyftihæð: 6.050 MM  
Gafflar: 1.200 MM  
Vél: Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ  
LOAD SENSING!! Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.



- VIÐURKENND VARAHLUTAPJÓNUSTA í 44 ár  
- Útvegum notaða skotbómulyftara  
- Úrval notaðra lyftara á lager



PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.

Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður  
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-mail: [pon@pon.is](mailto:pon@pon.is)



Ganga skal úr skugga um að umbúnaður dýranna meðan á ferðalagi stendur sé til fyrirmyndar.

## Flutningur gæludýra

Margt skal hafa hugfast við flutning á gæludýrum. Þeir sem ætla að flytja gæludýr skulu til dæmis ganga úr skugga um að ferðamáti og staðsetning gæludýrsins í farartæki misbjóði hvorki heilsu þess né þoli meðan á flutningum stendur.

Gæta skal þess að umbúnaður sé vandaður til þess að koma í veg fyrir hnjask eða meiðsl. Hitastig meðan á flutningi stendur skal miðast við eðliseiginleika dýrsins, svo sem hita- og kuldaþol. Þá er mælt með því að líta reglulega eftir dýrinu meðan á ferðalaginu stendur til þess að tryggja að vel fari um það.

Ef dýr, til dæmis hundur, köttur eða nagdýr, er flutt í ferðabúri er mælt með því að búrið sé með heilum botni og það rúmgott að dýrið geti staðið í því, snúið sér við, legið og hvílt sig. Þá

er ráðlagt að hafa göt eða rimla á búrinu til þess að tryggja að dýrið fái nægt súrefni og að sama skapi útsýni.

Óráðlegt er að dýrið sé lengur í búrinu en sex klukkustundir í senn. Ef ferðatíminn er lengri er mælt með því að dýrinu sé veittur aðgangur að fersku vatni eða fódri og tækifæri til að hreyfa sig og afhafna sig eftir þörfum.

Óheimilt er að flytja gæludýr í farangursrými bifreiðar nema hægt sé að fylgjast með líðan þess úr farþegarými meðan á ferðalagi stendur.

Bannað er að flytja veikt dýr eða slasað eða dýr sem komið er að fæðingu, nema til og frá dýralækni eða í sérstökum tilfellum.

Sjá nánar á [www.ust.is](http://www.ust.is).

-rve



Óráðlegt er að gæludýr sé lengur í búri en sex klukkustundir í senn í flutningum.





# JUNGHEINRICH FYRIR ÖLL VÖRUHÚS

**JUNGHEINRICH býður lyftara, staflara og tínslyftara í yfir 600 ólíkum útgáfum**

- Handlyftarar með eða án palls. Lyftihæð allt að 5.350 mm og lyftigetna allt að 3.000 kg.
- Rafmagns og/ eða dísel/ gas gaffallyftarar með lyftigetna allt að 9.000 kg.
- Hillulyftarar með lyftihæð allt að 12.020 mm.
- Tínslu- og þrönggangalyftarar með lyftihæð allt að 14.250 mm.

**JUNGHEINRICH**  
ÞÝSK NÁKVÆMNI!

Hringdu í síma 414-8600 og fáðu nánari upplýsingar



**Vélaborg** ehf. [www.velaborg.is](http://www.velaborg.is)

REYKJAVÍK:	Krókhálsi 5F	110 Reykjavík	Sími: 414-8600	Fax: 414-8601
AKUREYRI:	Njarðarnesi 2	603 Akureyri	Sími: 464-8600	Fax: 464-8601
AUSTURLAND:	Strandgötu 14	735 Eskifjörður	Sími: 476-1890	Fax: 476-1890

## Forskot til framtíðar!

### Hydrema hönnun og hátækni

Vélin er á litaðri olíu og má vera á öllum götum og vegum  
Vélin er skráð sem vinnuvél í IF flokki

- Vélin má bera 14 til 15 tonn á vegi.
- Vélin getur sturtað í 180° frá sér.
- Vélin er með veltibremsu og fjöðrun á lið.
- Vélin er útbúin fyrir snjótönn, sóp, krana, saltara og sandara ofl. ofl.
- Vélin útheimtir aðeins vinnuvélaréttindi til stjórnunar.
- Vélin hefur allstaðar slegið í gegn.



**HYDREMA**

**Til afgreiðslu strax**  
Hydrema 912D flutningstæki/fjölnotatæki

**VÉLAR:ÞJÓNUSTA**  
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 [www.velar.is](http://www.velar.is)

# Allt sem kraninn getur híft

Fyrirtækið bilaflutningar.is flytur nánast hvað sem er þótt það leggi megináherslu á bílaflutninga að sögn Rúnars Sigurjónssonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins.

„Fyrirtækið flytur í raun nánast hvað sem er. Allt sem kraninn getur híft og bíllinn flutt fær far, hvort sem um ræðir glugga, hurðir, rétt-ingabekki, byggingarefni, trjágreinar, iðnaðarhurðir og þar fram eftir götum,“ segir Rúnar Sigurjónsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins bilaflutningar.is, sem leggur þó mest upp úr bifreiðaflutningum.

„Allir bifreiðaeigendur geta einhvern tímann lent í því að þurfa að láta að flytja bíllinn sinn, til dæmis ef bifreiðin bílar eða viðkomandi lendir í umferðaróhæppi og þarf að koma ökutækinu á verkstæði,“ bendir Rúnar á.

Bilaflutningur.is notast við Mercedes-Benz Vario 815 sem er sérhannaður til að flytja bíla og hafa eigendur fornbíla nýtt sér þjónustuna í miklum mæli að sögn Rúnars.

„Við höfum flutt mikið af gömlum bílum og töluvert farið með bíla sem verið er að sandblása. Þegar búið er að taka dekk og öxla undan þessu, þá er bara skelin eftir, en við getum flutt þetta á mjög öruggan og þægilegan máta.

Þá kemur kraninn sér líka sérstaklega vel. Þegar búið er að taka öll hjólin undan bílunum þá hífum við boddíð upp á bíl hjá okkur. Síðan er það flutt á þann stað þar sem vinna á í boddíinu. Við erum með sérstakar græjur í það.”

Sumir taka upp á því að draga bíllinn sjálfir en Rúnar segir það geta verið varasamt og beinlínis hættulegt bæði fyrir þá sem ætla sér



Rúnar segir að bilaflutningar.is flytji meira en bifreiðar. Í raun flytji starfsmenn fyrirtækisins allt sem kraninn getur híft.

að draga bíllinn og aðra vegfarendur.

„Mörg ökutæki sem bíla og þarf að draga burt, hafa skerta ökuhæfni og bremsugetu. Því nýrri sem bílar eru því líklegri er að ekki sé hægt að draga þá burt. Margir bílar, eins og þeir sjálfskiptu, eru þannig útbúnir í dag að það má bara alls ekki draga þá. Þá verður eitt-hvað ónýt í skiptingu eða millikassa.

Margir nýir bílar eru líka þannig úr garði gerðir að það er einfaldlega ekki gott fyrir

drifbúnaðinn að þeir séu yfir höfuð dregnir. Margir hafa hreinlega valdið stórtjóni á búnaði bíla með því að draga þá. Þetta eru oftast dýr tjón sem þarf að borga úr eigin vasa.“

Til marks um þá fjölbreyttu þjónustu sem fyrirtækið býður upp á, bætir Rúnar við að starfsmennirnir geti sótt bíla sem fólk hafi skilið eftir í miðbænum yfir helgi. „Svo er sæti fyrir einn eða tvo ef þeir vilja fljóta með,“ segir hann hress að lokum.

- nrg



Eftir burð þungra húsmuna er gott að gæða sér á pitsu.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Takk fyrir hjálpina!

Víða um heim tíðkast sá siður að gauka að flutningamönnum einum köldum úr kælinum og pitsusneið eftir vel unnin störf og mikinn burð milli húsa. Hvort sem einn öl er þakkarvotturinn, pitsan, eða bara súkkulaðimúffa og nýlagður kaffisopi, er sjálfsögð kurt-eisi og einnig fallegt og vinalegt að þakka fyrir sig með persónulegri hætti en því að reiða út seðlabúnt eftir dagsverkið. Munum eftir að umbuna hjálparhellum okkar, hvort sem það eru aðkeyptir flutningsmenn eða vinir og ættingjar, og stöndum klár með notalegan glaðning í lok flutningsdags.

## Flytjum allt milli himins og jarðar til og frá Snæfellsnesi

Nánari upplýsingar og verðtilboð sími 892 1817

Opnunartími skrifstofu: kl.8:30 til 12:00 og 13:00 til 16:00

Sími skrifstofu 430 8100. Fax 430 8101

**RAGNAR & ÁSGEIR EHF.**

STYKKISHÓLMI - GRUNDARFIRÐI - SNÆFELLSBÆ





PÓSTURINN www.postur.is  
SÍMI 580 1000 postur@postur.is  
SP 00 878 215 8 15



HVAÐ SEM FYRIRTÆKIÐ ÞITT ÞARF AÐ SENDA

LÁTTU PÓSTINN KOMA ÞVÍ TIL SKILA





# Fiat atvinnubílar

Fiat Scudo  
Sendibíll ársins 2008



# Bílar sem vinna!



Fiat Doblo  
Sendibíll ársins 2006



Fiat Scudo  
Sendibíll ársins 2008

Fiat Ducato

Hvort sem starfsemin er lítil eða stór færðu Fiat af réttri stærð.

### Þjónusta alla leið!

Varahlutþjónusta og eigið verkstæði á staðnum.



Fiat Ducato



Fiat Scudo



Fiat Doblo



Fiat Multipla



Fiat Punto



Fiat Panda



Fiat Croma

Saga er umboðsaðili fyrir Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati



DUCATI



Opið:  
virka daga frá 8–18  
laugardaga frá 12–16

# SAGA

Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík  
Sími 570 9900 • [www.fiat.is](http://www.fiat.is)





Íspólska ráðningarþjónustan finnur rétta starfsmanninn fyrir þitt fyrirtæki. Góð þjónusta gott verð. Símar 894 7799 og á pólsku frá 9 til 12 S. 841 9008.

Bonita snyrtistofa óskar eftir menntuðum snyrtifræðingi í 50% starf. Uppl. í síma 866 1867, Ingibjörg.

Óska eftir að ráða vana manneskju í sauðburð í 2-3 vikur eða lengur. S. 452 4288.

**Vélstjórar.**

Yfir-vélstjóra vantar strax til afleysingar á stórt og öflugt línuskip, lágmarks réttindi 750 kw. Upplýsingar hjá skipstjóra í síma 426 8316 og 861 5016 eða á skrifstofu útgerðar í síma 420 4400.

**- Starfsfólk óskast -**

Bílstjórar og starfsfólk í afgreiðslu ofl. vantar í fyrirtæki á mótuneytamarkaðinn. Skemmtilegur vinnustaður - Góð laun -Vinsamlegast sendið umsóknir á magnus@veislulausnir.is

**HENDUR.IS**

Fólk óskast í eftirfarandi stöður: Verkefnastjóri, yfirmenn, smiðir, verkamenn, bifvélavirkjar, bílasmiðir, afgreiðslufólk, þjónar, barþjónar, kokkar, rafvirkjar, öryggisverðir o.fl.

**Atvinna óskast**

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**  
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.  
**Proventus starfsmannþjónusta s. 661 7000.**

**Viðskiptatækifæri**

Lærðu alvöru NETVIÐSKIPTI!! Viltu læra að skapa þér miklar tekjur á Netinu? Skoðuðu þá vefsíðuna VIDSKIPTI.COM og fáðu allar upplýsingar um málið.

**TILKYNNINGAR**

**Einkamál**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**  
905-2000 (símatorg)  
535-9920 (kreditkort)  
535-9923 (fritt, karlar)  
555-4321 (fritt, konur)  
**Spjall**  
904-5454 (símatorg, karlar)  
535-9940 (kreditkort, karlar)  
555-4321 (fritt, konur)  
**Gay spjall**  
535-9988 (kreditkort)  
**Sögur**  
905-2002 (símatorg)  
535-9930 (kreditkort)  
**Spjalldómur**  
908-6000 (símatorg)  
535-9999 (kreditkort)

**Símaþjónusta**

**Spjalldómur**

**S. 908 6666**

**Opið allan sólarhringinn.**

Sögur fyrir karlmenn, ný upptaka, sú „innlegasta“ í manna minnum, alveg hreint frábær út í gegn. (Hafið í huga: upptakan er 5 mín 40 sek á lengd.) Upptakan er hjá Sögum Rauða Torgsins í s. 905 2002 (símatorg) og 535 9930 (kreditkort), upptökunr. 8571.

**Þarftu að leigja?**



Hringdu í síma 440 6100 eða skoðuðu rentus.is

**FUNDIR / MANNFAGNAÐIR**

**REYKJAVÍKURAKADEMÍAN**

**Aðalfundur**

Aðalfundur ReykjavíkurAkademiunnar verður haldinn miðvikudaginn 30. apríl nk. kl. 14:00 í fundarsal félagsins að Hringbraut 121, 4. hæð.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf, tillögur að lagabreytingum og stjórnarkjör.

Stjórnin

**Smiðir**

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616

**Kraftafl ehf**

**Múrarakarar**

Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616.

**Kraftafl ehf**

**PÍPARAR**

Erum með vana pípara sem óska eftir mikilli vinnu

Upplýsingar í síma 840 1616 Kraftafl ehf

**Blikksmiðurinn hf.**

Óskar eftir að ráða blikksmiði, járníðnaðarmenn og menn vana byggingariðnaði. Mikil vinna, gott kaup.

Upplýsingar gefur Valdimar í síma 577 2727.

39,3%

Allt – Atvinna

24,5%

Atvinna – Morgunblaðið

**Við stöndum upp úr**

Atvinnublað Fréttablaðsins er með 60% meiri lestur en atvinnublað Morgunblaðsins miðað við 20–40 ára



Atvinna í boði...

...alla daga

**SPORT**



**UEFA  
CHAMPIONS  
LEAGUE**

**Í KVÖLD KL. 18:30**

# LIVERPOOL CHELSEA

**MEISTARAEILDIN – UN DANÚRSLIT**

**Í KVÖLD KL. 18:00**

**UPPHITUN**

**Í KVÖLD KL. 20:40**

**MEISTARAMÖRK**

– Allt það helsta úr leik kvöldsins

**Á MORGUN KL. 18:30**

**BARCELONA – MAN. UTD.**





# NATO-væðing íslenskra utanríkismála I

## UMRÆÐAN

Steingrímur J. Sigfússon skrifar um utanríkismál

Þegar Samfylkingin settist í ríkisstjórn og formaður flokksins, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, varð utanríkisráðherra gerðu eflaust flestir ráð fyrir að breytt yrði um áherslur hvað varðar öryggis- og utanríkismál þjóðarinnar og það jafnvel svo um munaði. Margir kjósendur, ekki síst Samfylkingarinnar, treystu því að flokkurinn myndi standa við loforðin varðandi Íraksstríðið og lista hinna viljugu, Samfylkingin myndi setja fyrirvara almennt við hernaðarbrólt, draga okkur út úr Afganistan og fjarlægjast um leið hernaðarbandalagið NATO og utanríkisstefnu í anda George W. Bush.

Þessir kjósendur vakna nú upp við vandan draum einn af öðrum, jafnvel tryggir flokksmenn skrifa í blöð og undrast áherslurnar vegna þess að ekkert bólar á friðar- og afvopnunarboðskapnum. Loforð um pólitískt samráð hafa verið svikin þar til nú að boðað er að halda skuli tvo fundi á ári með formönnum stjórnmalaflokkanna. Í stað pólitískis samráðs hefur hins vegar verið unnið hratt að vígvæðingu landsins á forsendum NATO ásamt aukinni þátttöku í mörgum af ógeðfældustu verkefnum hernaðarbandalagsins, með tilheyrandi kostnaði fyrir almenning í landinu.

### Skilyrðislaust samþykki við vígvæðingu NATO

Á NATO-fundinum í Búkest, sem utanríkisráðherra ásamt forsætisráðherra flaug til með friðu föruneyti eins og víðfrægt er, var tekin afstaða sem er því miður í hróplegri mótsögn við þau fögru fyrirheit sem hafa verið gefin um aukna áherslu á friðsamlega alþjóðasamvinnu. Í fyrsta lagi kom þar fram stuðningur ráðherra við stækkun NATO til austurs, í andstöðu við nágrannabjóðir, og með ærnum tilkostnaði fyrir skattgreiðendur viðkomandi landa, þar sem viðmiðunin innan NATO er að a.m.k. 2% af landsframleiðslu fari til vígbúnaðar. Og hér er að sjálfsögðu um að ræða fátækar þjóðir sem síst af öllu mega við auknum útgjöldum.

Í öðru lagi var tekin sú eindregna stefna gagnvart Afganistan að auka frekar en hitt umsvif Íslands á þeim slóðum, senda fleiri menn undir vopnum og undir stjórn hernaðarbandalagsins NATO til að sinna friðargæslu. Sé eitthvað til í þeim orðum utanríkisráðherra að markmiðið sé að stuðla að friði og velsæld, má þá ekki horfa til annarra landa sem búa við mikla fátækt í stað þess að hreinsa til eftir herleiðangra og sprengjuregn Bandaríkjamanna á pólitískum forsendum? Alvopnaðir íslenskir lautinantar og yfirlíðþjálfar við störf á átakasvæðum eru í hróplegri mótsögn við friðar- og vopnleysisarfleifð Íslands og ósamrýmanlegir efni og anda nýrra laga um íslensku friðargæsluna en þar segir að hún skuli vera alfarið borgaraleg.

Það þriðja og langalvarlegasta sem ráðherrarnir íslensku gerðu á NATO-fundinum í Búkest er fyrirvaralaus stuðningur við, og fagnaðarlæti yfir, uppsetningu bandaríska eldflaugavarnakerfisins í Mið- og Austur-Evrópu. Í þágu þess að geta haldið áfram stjórnstríðsplönnum sínum – þetta er skilgetið afkvæmi þeirra – sögðu Bandaríkjamenn upp ABM-samningnum í júní 2002, einum mikilvægasta afvopnunar- og griða-samningi í veröldinni. Í staðinn átti

að halda áfram að þróa eldflaugavarnakerfin, sem augljóslega voru brot á þeim samningi, og nú er boðuð uppsetning slíkra kerfa í Evrópu með radarstöð í Tékklandi og eldflaugum í Póllandi. Hvað gerðu Rússar? Þeir sögðu á móti upp samningum um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu og boða viðbúnað af sinni hálfu. Þessi stefna – stefna George W. Bush – er geysilega umdeild og kjósendur Samfylkingarinnar hljóta að gera kröfur á að utanríkisráðherra og formaður flokksins útskýri hvers vegna hún telur rétt að ýta þannig



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

undir vígbúnaðarkapphlaup Bandaríkjanna og NATO.

Mesta stefnubreytingin er þó fólgin í nýju frumvarpi til varnarmálagasemutanríkisráðherra hefur lagt fyrir Alþingi. Um það er fjallað í næstu grein undirritaðs.

### Hið nýja, árásgjarna NATO

Í sambandi við hina nýju utanríkis- og öryggismálastefnu, stefnu NATO-væðingarinnar, er ekki síst mikilvægt að gera sér grein fyrir að það er hið nýja NATO sem um ræðir. Þetta er NATO sem hefur horfið frá fyrri skilgreiningum og

markmiðum um að vera svokallað varnarbandalag á því landsvæði sem tilheyrði aðildarríkjunum og til þess að vera árásgjarna og gerandi jafnvel í fjarlægum heimsálfum. NATO stóð sjálft í fyrsta sinn fyrir beinum hernaðaradgerðum með loftárásunum á Júgóslavíu og tók svo við stríðsrekstrinum í Afganistan af Bandaríkjamönnum og Bretum á árinu 2004 enda höfðu þeir þá fundið sér verkefni annars staðar eins og kunnugt er.

Þetta er hið nýja NATO sem stendur fyrir 70% af öllum útgjöldum til hermála í heiminum. Samhliða því að NATO-rikin verji með þessum hætti meiri og meiri fjárumum í styrjaldir eru fleiri ríki heims að vígbúast, ekki síst Rússar og Kínverjar. Almennt má segja að

útlit sé fyrir að verið sé að blása lífi í vígbúnaðarkapphlaupið sem margir töldu að mundi ljúka með hrúni Sovétríkjanna. Ábyrgð NATO á þeirri endurlífingun er mikil enda eru það enn NATO-rikin sem standa fyrir yfirgnæfandi meirihluta útgjalda til hermála í heiminum og hvetja þannig til aukinnar vígvæðingar. Í stað þess að leggja lóð sín á vogarskál afvopnunar gengur hin nýja íslenska NATO-væðingastefna út á að taka virkari þátt í vígvæðingu NATO og allri starfsemi bandalagsins, virkari en Íslendingar hafa nokkru sinni áður gert.

Höfundur er formaður Vinstri grænna.

# Tilboð



Tilboð af völdum vörum í verslunum okkar



**Ifö innréttingar**  
60 cm og 90 cm með handlaug



**Ifö cornette**  
sturtuklefar 80 cm x 80 cm

**...Kíkið í verslanir okkar**  
Tilboðið gildir til 3. maí eða meðan birgðir endast.

**Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15**

Smíðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Fax: 414 1001 • www.tengi.is  
Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • Fax: 414 1051 • tengi@tengi.is



AFMÆLI



**GUD-MUNDUR ODDSSON, FYRR-VERANDI BÆJAR-FULLTRÚÍ Í KÓPAVOGI, ER 65 ÁRA Í DAG.**



**BRÁSILÍSKI FÓTBOLLA-MÆÐURINN KAKÁ ER 26 ÁRA Í DAG.**



**SIGMUNDUR JÓHANNSON SKOP-MYNDATEIKNARI ER 77 ÁRA Í DAG.**



**DONALD TUSK FORSÆTIS-RÁÐHERRA PÓLLANDS ER 51 ÁRS Í DAG.**

NAFNID MITT: RÚTUR ÖRN BIRGIRSSON

Kallaður „buses“ af útlendingum

Rútur Örn Birgisson háskólamaður lagðist í nafnbækur til að finna upplýsingar um nafnið sitt. Hann fann eina bók eftir séra Karl Sigurbjörnsson og þar kemur fram að nafnið þýðir sama og Hrútur „Foreldrar mínir vissu að nafnið mitt tengdist nafninu Hrútur, en þau þekktu ekki fleiri merkingar. Ég er skírður eftir afa mínum sem var skírður eftir fyrrverandi manni mömmu sinnar sem lést af slysförum,“ útskýrir Rútur.

Fáir bera nafnið en hann hefur þó rekist á nokkra. „Ég hef hitt þrjá Rúta á mínum aldri, og alla fyrir tilviljun,“

segir Rútur hlæjandi. Honum var oft strítt vegna nafnsins þegar hann var barn, yfirleitt við fyrstu kynni. Síðan hætti það fljótlega. Uppnefningur nokkur eins og hrútur, strútur og vasaklútur, sem honum þótti bara fyndið. Rútur hefur alltaf verið hæstánægður með nafnið sitt og lét hann smá stríðni aldrei á sig fá. Eftir að hann varð fullorðinn er það einna helst þegar hann þarf að útskýra nafnið sitt fyrir útlendingum að hann er uppfendur. Hann útskýrir yfirleitt nafnið sitt á ensku sem fleirtalan af orðinu rúta og því kalla útlendingar hann oft „buses“.



AF HJARTANS LIST Krakkarnir í níunda og tíunda bekk bjóða til myndlistarveislu í Lindarskóla í dag.

Málverkaskýning í Lindaskóla

Krakkarnir í níunda og tíunda bekk í Lindaskóla í Kópavogi standa fyrir málverkaskýningu í dag. Skýningin er afrakstur af valáfanga í skólanum, þar sem kennd var meðferð og listskópun með olíulitum.

Í dag hafa verkin verið hengd upp í miðrymi skólans og að því tilefni er bæði for-

eldrum, forráðamönnum og listáhugafólki boðið til sýningu. Skýningin opnar í dag kl. 14.30 og er opin öllum. Kennari áfangans var Kristín Andersen myndmenntakennari við skólann. Lindaskóli er til húsa að Núpahlind 7 í Kópavogi.

Sjá nánari upplýsingar: www.lindaskoli.is

**+**

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*  
**Ragnhildur Sveinbjarnardóttir**  
 Lambey, Fljótshlíð,

lést á Landspítalanum, laugardaginn 19. apríl. Útför hennar fer fram frá Breiðabólstaðarkirkju í Fljótshlíð laugardaginn 26. apríl kl. 11.00.

Jón Kristinsson	Jón Þorvaldsson
Guðbjörg Jónsdóttir	Guðjón E. Ólafsson
Þórhildur Jónsdóttir	Jaana Rotinen
Kristjana Jónsdóttir	Guðbjörg Júlíadóttir
Sveinbjörn Jónsson	Helmur Grimm
Kristinn Jónsson	Ásta Brynjólfssdóttir
Katrín Jónsdóttir	Jón Valur Baldursson
Þorsteinn Jónsson	
Sigrún Jónsdóttir	

barna- og barnabarnabörn.

**+**

*Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu mér hlýðug og aðstoð við andlát og útför eiginnmans míns,*  
**Gríms Kristins Jóhannessonar**  
 Aðalstræti 76, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks og lækna Sjúkrahússins á Akureyri. Guð blessi ykkur öll.

Guðbjörg J. Kortsdóttir.

**+**

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*  
**Jónas Aðalsteinsson**  
 Brúarlandi, Þistilfirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, laugardaginn 19. apríl. Útförin fer fram frá Svalbarðskirkju í Þistilfirði, laugardaginn 26. apríl kl. 14.00.

Arnþrúður Margrét Jónasdóttir	Sigurvin Hannibalsson
Eðvarð Jónasson	Kristjana Benediktsdóttir
Jóhannes Jónasson	Svanhvít Kristjánsdóttir
Sigrún Lilja Jónasdóttir	Rúnar Guðmundsson
Sólveig Þórðardóttir	

börn, barnabörn og barnabarnabörn.

**+**

*Ástkær eiginmaður minn, bróðir, faðir, tengdafaðir, mágur og afi,*  
**Einar Þorgeirsson**  
 skrudgarðyrkjumeistari, Heimalind 28, Kópavogi,

lést af slysförum föstudaginn 11. apríl. Útför hans fer fram frá Digraneskirkju miðvikudaginn 23. apríl kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Oddssjóð Reykjalundar.

Sigrún Edvardsdóttir	Þórunn Halla Unnsteinsdóttir
Runólfur Einarsson	Jónas Haukur Einarsson
Laufey Karítas Einarsdóttir	Sigríður Gunnarsdóttir
Magnús Ingvar Þorgeirsson	Ingólfur Guðnason
Ingigerður G. Þorgeirsdóttir	
Anna Þorgeirsdóttir	

og barnabörn.

**+**

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*  
**Baldvin Lárus Guðjónsson**  
 Réttarheiði 2, Hveragerði,

lést á Landspítala í Fossvogi þann 18. apríl.

Halla E. Stefánsdóttir	Matthildur Sigurjónsdóttir
Börkur B. Baldvinsson	Ingunn L. Guðmundsdóttir
Guðjón B. Baldvinsson	Sigurbjartur Á. Guðmundsson
Katrín K. Baldvinsdóttir	Sigríður Björnsdóttir
Þorsteinn V. Baldvinsson	Guðrún A. Jóhannsdóttir
Kristján G. Gunnarsson	Hlynur Þorsteinsson
Gunnur K. Gunnarsdóttir	Guðmundur Jónsson
Björk K. Gunnarsdóttir	Róbert G. Einarsson
Steinunn H. Gunnarsdóttir	

barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5000.

**+**

*Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*  
**Guðrún Þorsteinsdóttir**  
 Hrafnistu, Hafnarfirði,

andaðist sunnudaginn 20. apríl. Útförin fer fram frá Áskirkju í Reykjavík, mánudaginn 28. apríl kl. 13.00.

Helga Henrysdóttir	Gíslína Gardarsdóttir
Henry Þór Henrysson	Elisabet Kristinsdóttir
Haraldur Henrysson	Edda Þorvarðardóttir
Hálfdan Henrysson	Gísli Þorsteinsson
Hjördis Henrysdóttir	Lára Erlingsdóttir
Þorsteinn Á. Henrysson	

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

**+**

*Ástkær frænka okkar,*  
**Guðlaug Baldvina Kristjánsdóttir**  
 frá Uppsölum, Svarfaðardal, sem lést á Dalbæ, Dalvík þann 17. apríl,

verður jarðsöngin frá Dalvíkurkirkju fimmtudaginn 25. apríl kl. 13.30. Jarðsett verður í Vallakirkjugarði. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Vallakirkju.

Kristján Jónsson  
 Lára Stefánsdóttir

**+**

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*  
**Sigurður Svanholt Björgvinsson**  
 Heiðmörk 28h, Hveragerði,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurlands 16. apríl.

Sölvi Sigurðsson	Sigríður Valdórsdóttir
Svan Elvar Sigurðsson	
Kristmunda Þ. Sigurðardóttir	
Auðunn Sigurðsson	Lára Bryndís Björnsdóttir
Björgvin Sigurðsson	Páll Eiríksson
Harpa Katrín Sigurðardóttir	

barnabörn og barnabarnabörn.

**+**

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*  
**Jóhannes Bjarnason**  
 Hólmgarði 25, Reykjavík,

lést föstudaginn 18. apríl á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Dagbjört Guðmundsdóttir	Andri Berg Haraldsson
Jóhanna Jóhannsdóttir	
Þóra Björt Sveinsdóttir	
Jóhannes Berg Andrason	Ólöf Erlingsdóttir
Þorsteinn Jóhannesson	
Ingibjörg Sigurðardóttir	
Steinunn Kristjánsdóttir	



## AÐALFUNDUR FÍS

Aðalfundur Félags íslenskra síamanna 2008 verður haldinn að Stórhöfða 31, 4.hæð (gengið inn að neðanverðu) Þriðjudaginn 29.apríl kl. 18.00

### Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Lagabreyting: 6.kafli 32.gr Stjórn og trúnaðarráð er kosið til 2 ára. (kosningar verða annað hvert ár)
3. Önnur mál

Stjórn Félags ísl. síamanna

Stórskemmtileg gamanmynd fyrir alla fjölskylduna er **komin í verslanir!**



Sendu **BTC AMV** á númerið **1900** og þú gætir unnið eintak! Auk fullt af aukavinngum

**ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!**

Blaðberum Fréttablaðsins fjölga um **30.000**

## STUÐ MILLI STRÍÐA: Liverpool, Liverpool, Liverpool

FREYR GÍGJA GUNNARSSON MISSIR VITIÐ Í SÓLARHRING



Skap ágætis félag míns stjórnast af tveimur þáttum; annars vegar af sölu nýjstu breiðskífu U2 og hins vegar gengi liðsins hans frá Bítla-borginni, Liverpool.

Eins og gefur að skilja minnir lunderni hans á konu á túr; nær hæstu hæðum á köflum en dettur síðan niður í svartnættið þess á milli og heldur að himinn og jörð sé að farast.

Sjálfur læt ég mér nægja hið síðarnefnda. Og velti því reyndar oft fyrir mér hvort slíkar geðsveiflur teljist heilbrigðar. Húsfreyjan í Vesturbænum getur kviðið ansi mikið fyrir því þegar

húsbóndinn snýr heim aftur eftir hamborgaraát. Ef hann opnar dyrnar með tærin í augunum, leggst upp í rúm með sængina yfir höfðinu og byrjar að væla eins og smástrákur, veit hún sem er að lítið þýðir að tjónka við honum. Hún hristir síðan hausinn í leyni enda vill hún ekki gera lítið úr þessu helgidjánsi heimilisins.

Og í kvöld endurtekur sagan sig. Húsbóndinn byrjar að öskra upp úr þurru og tekur upp á því að syngja einkennissöng liðsins. Hann skrúfast allur upp ef fréttir heyrast um Liverpool og byrjar að greina leikaferð og byrjunarlið Benitez. Húsfreyjan, þolinmód að venju, verður að hlusta á þessar innantómu þælingar um ágæti

liðsins. „Hann þarna hjá Barcelona er sætur,“ missir hún óvænt út úr sér þegar kemur að einmannstölunni um Chelsea. Og uppsker í kjölfarið tæplega klukkustunda ræðu um hvernig Frank Rijkaard sé að missa katalónska stórveldið úr höndunum á sér. Og svona hefur þetta verið í níu mánuði á hverju ári, nánast stanslaust.

En sem betur fer fyrir húsfreyjuna í Vesturbænum er sólin tekin að hækka á lofti. Því það þýðir að golfið sé að byrja og þá þarf hún ekki lengur að hlusta á þælingar um strategíu og dómarskandala. Enda fer húsbóndinn út á völl og kvelur alla aðra með umræðum um næsta tímabil hjá Liverpool.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Fyndinn maður um fjármál

Hvers virði er ég? spyr Bjarni Haukur Þórssón í nýju uppstandi/leikþætti sem hann flutti í fyrsta sinn á föstudagskvöldið í Salnum í Kópavogi. Mér finnst Bjarni myndinn. Hann er lúnkinn að koma auga á hið skoplega í fari okkar samferðamanna sinna. Fundnin hans er dálítið aldursbundin við hans eigin aldur, karlkyns og víða stéttabundin, en það má víst ekki segja lengur hér á landi, við efri millistétt í þjónustugeiranum. Hún er alþýðleg, góðleg, aldrei meiðandi og ekki klámfengin. Jafnvel langur kafli um blöðruhálskirtilinn var laus við sóðaskap. Þetta er sýning fyrir alla aldurshópa því hún er í miðjunni á samtali sem er víða í gangi í samfélaginu.

Bjarni hefur vaxið mikið sem flytjandi frá því fór fyrst að sjá til hans. Ég missti alveg af Hellisbúa-ævintýrinu, kynntist honum bara í kvenbúningi á sjónvarpsskjá. Hann er með frekar þröngt svið sem flytjandi. Rödd hans er ekki mikið sveigjanleg, hann beitir líkama sínum lítið en af öryggi, svipbrigðin eru ekki mörg sem hann ræður við, en styrkur hans er tónfall og tímasetning: tilfinning fyrir því hvenær línan eða orðið má falla til að ljúka hugsun eða toppa hana og sprengrja salinn. Það kann hann og með því eru honum allar gáttir opnar að hláturmiðstöð salarins.

Í hinni smáborgaralegu tilveru okkar hefur athugull skoplekari eins og Bjarni endalausar lindir að sækja í: blöðruhálskirtillinn var nefndur, skókaup kvenna, sparnaðarpredikun fyrir unglinga, ríka liðið, fjármálaráðgjafinn í bankanum, úttekt á eyðslulíðum fjölskyldu í eigin húsnæði – hann stekkur úr einum pollinum í annan með fimlegum hætti, sullar þar og skvampar smástund og færir sig svo í þann næsta.

Rétt eins og í Pabbanum er það Sigurður Sigurjónsson sem setur einleikinn/uppstandið á svið og nú eins og þá stingur hann höfðinu út um munninn á Bjarna, sest að í honum. Sumir leikstjórar hafa slík áhrif á leikendur sína. Leikarar henda stundum gaman að því þegar leikstjórar sem lítið gátu leikið sýndu leikaranum hvernig átti að gera þetta og hitt.



## LEIKLIST

Íslenska leikhúsrúppan sýnir í Salnum:

**Hvers virði er ég?**

Höfundur og flytjandi: Bjarni Haukur Þórssón

★★★

Bjarni Haukur er myndinn.

Það truflar ekki þótt við heyrum Sigga tala úr munn Bjarna en það er óþarfi. Bjarni hefur nefnilega eigin rödd.

Þessi sýning er yfirkeýrd af sparissjóðnum Byr sem kostar hana að einhverju leyti en þar á bæ hafa menn ekki smekk til að kunna að kosta viðburði sem þennan. Snjallir kostendur halda sig til hliðar, frekjan í athygli sem gleypir viðburði er landlæg meðal kostenda á Íslandi. Hún er fyrst og síðast frumstætt bisnessvit, vanþróuð tæknileg þekking. Öll ásýnd sýningar Bjarna er merkt Byr: það er nánast hlægileg yfirkeýrsla og ósmekklegt. Á sama hátt er smekkvísi Sigurðar og Bjarna illa brugðið með þessari eftirgjöf. Fólk sem borgar sig á viðburði sem þennan á að fá skjól fyrir þessum Byr, jafnvel þó að hann kosti einhverju til og eigi allar auglýsingar í prógramminu.

Páll Baldvín Baldvinsson

REGNBÖGINN 11. - 30. APRÍL

# BIO-DAGAR GRÆNA LJÓSSINS

3 VIKUR 12 KVIKMYNDIR

DAGSKRÁ OG MIÐSALA A MÍÐIS  
ALLAR UPPLÝSINGAR Á GRÆNALJÓSSINS

REGNBÖGINN græna ljósið



HJALLAKIRKJA Hýsir mikla tónlistarveislu í kvöld.

## Haydn og Mozart í Hjallakirkju

Í tilefni þess að í fyrra voru liðin tuttugu ár frá stofnun Hjallasafnaðar og kór safnaðarins tók til starfa, svo og að nú í vor eru liðin fimmtán ár frá vígslu Hjallakirkju, verða stórir hátíðartónleikar í kirkjunni í kvöld kl. 20.30.

Aðalverkefni tónleikanna er Messa í B-dúr fyrir fjóra ein-söngvara, kór og hljómsveit eftir Joseph Haydn, en verkið er einnig þekkt undir nafninu Theresíu-messan. Einnig verður flutt ein-söngsmótettan Exultate, jubilate Kv. 165 eftir W. A. Mozart.

Tónskáldið Haydn samdi alls fjórtán messur og en Theresíu-messan nr. 12 í röðinni. Verkið er einstaklega hlýtt og fagurt, en er um leið áskorun fyrir flytjendur. Þessi messa hefur ekki oft verið flutt hér á landi og er það trúlega vegna þess hve krefjandi hún er fyrir kórinn.

Mótettuna Exultate, jubilate samdi Mozart er hann var á sínu

síðasta ferðalagi með föður sínum í Milánó 1773. Hann samdi verkið fyrir Venanzio Rauzzini, sem þá var einn frægasti „castrato“-sópran Ítala.

Flytjendur á tónleikunum í kvöld eru Kór Hjallakirkju, Kristín Ragnhildur Sigurðardóttir sópran, Jóhanna Ósk Valsdóttir mezzosópran, Einar Clausen tenór og Þorvaldur Þorvaldsson bassi. Hjörleifur Valsson er konsert-meistari, Hlín Erlendsdóttir, Pálína Árnadóttir, Christian Diethardt og Helga Steinunn Torfadóttir leika á fiðlu, Guðrún Þórarinsdóttir og Laufey Pétursdóttir á lágfíðlu, Sigurgeir Agnarsson á selló, Borgar Magnason á kontrabassa, Ármann Helgason og Helga Björg Arnadóttir á klarinett, Einar S. Jónsson og Jóhann Nardeau á trompet og Lenka Mátéová á orgel. Stjórnandi er Jón Ólafur Sigurðsson, organisti Hjallakirkju. Miðaverð er 1.500 krónur.

-vp

ÁST í samstarfi við Vesturport

17 - 18 - 24 - 30. apríl kl 20.00 alla daga

PRJÁR SÍÐUSTU SÝNINGAR Á ÁST

Miðasala 568 8000  
www.borgarleikhus.is

23 April

# Virðum hugverkarétt

– ráðstefna í Norræna húsinu 23. apríl 2008

23. apríl

Einkaleyfastofan og Menntamálaráðuneytið standa fyrir ráðstefnu um hugverkaréttindi undir yfirskriftinni **Virðum hugverkarétt** í Norræna húsinu hinn 23. apríl næstkomandi.

Tilefnið er alþjóðlegur dagur hugverkaréttar sem haldið er upp á ár hvert fyrir tilstuðlan Alþjóðahugverkastofnunarinnar, WIPO.

Fyrirlesarar eru:

- Erla S. Árnadóttir lögmaður
- Eyjólfur Pálsson forstjóri EPAL
- Haldór Jörgensson framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi
- Marie Pattullo frá European Brands Associations
- Páll Óskar Hjálmtýsson tónlistarmaður.

Að loknum fyrirlesturum verða pallborðsumræður en í pallborði taka þátt þau Ásta Valdimarsdóttir, forstjóri Einkaleyfastofunnar, Hörður Davíð Harðarson frá Tollstjóranum í Reykjavík og Gunnar Guðmundsson frá SFH. Fundarstjóri er Þorsteinn J. Vilhjálmsson.

Ráðstefnan stendur frá kl. 9 – 12.  
Allir velkomnir!

23 DE ABRIL

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Einkaleyfastofan





JÓNSSON & LEIFVÆGIS • JÚNÍ



## Þjóðargjöf til Íslendinga

Félag íslenskra bókaútgefenda og bóksalar ábyrgjast að Íslendingar geti sótt ótakmarkað fjármagn til bókakaupa á tímabilinu 22. apríl til 4. maí. Í dag fá íslensk heimili senda ávísun að andvirði 1.000 kr. sem sem nýta má til bókakaupa. Síðan er hægt að sækja fleiri ávísanir í næstu bókabúð og prenta sína eigin peninga að vild með því að fara inn á bokautgafa.is. Dæmið er einfalt: Við gefum þér 1.000 kr. Þú leggur fram 2.000 kr. Í staðinn færðu bækur: skemmtun, fróðleik og andlega næringu.

Ávísunin er frábært tækifæri fyrir foreldra til að leggja í framtíðarsjóð barnanna. Munum að bóklestur er grundvöllur námshæfni, málþroska og skilnings á samhengi. Leiðin til bætts námsárangurs er einföld:

### Meiri lestur!


Ávísunin veitir 1.000 kr. afslátt af bókakaupum. Hún gildir í bókabúðum og á flestum útsölustöðum bóka þegar keyptar eru bækur útgefnar á Íslandi fyrir 3.000 kr. að lágmarki.



FÉLAG ÍSLENSKRA  
BÓKAÚTGEFENDA







# Yohanna

BUTTERFLIES AND ELVIS

Komin í  
verslanir





Ensku liðin Liverpool og Chelsea leika fyrri undanúrslitaleik sinn í Meistaradeildinni á Anfield í kvöld:

# Kemst Chelsea loks í gegnum Liverpool?

**FÓTBOLTI** Barátta ensku liðanna Liverpool og Chelsea um sæti í úrslitaleik Meistaradeildarinnar hefst í kvöld þegar liðin spila fyrri undanúrslitaleikinn sinn á Anfield Road-leikvanginum í Liverpool.

Liverpool hefur slegið Chelsea tvisvar sinnum út úr undanúrslitunum á síðustu fjórum árum, fyrst 1-0 samantlagt 2005 og svo eftir vítaspyrnukeppni í fyrra. Búast má við harðri baráttu og taktískum leik en aðeins þrjú mörk hafa verið skoruð í sex Meistaradeildarleikjum liðanna undanfarin fjögur ár. Liðin hafa mæst afar oft í flestum keppnum undanfarin misseri og eru því væntanlega farin að þekkja hvort annað út og inn. Chelsea verður án Michael Essien í leiknum í kvöld þar sem hann tekur út leikbann en búist er við því að Michael Ballack komi inn á miðjuna í staðinn fyrir Ganverjann.

„Við erum að spila vel bæði varnar- og sóknarlega og það er mikið sjálfstraust í liðinu. Við vitum samt að Chelsea er með mjög skipulagt og gott lið og þetta verður því mjög erfiitt. Við vitum að þegar tvö frábær lið mætast við þessar

kringumstæður skipta litlir hlutir oft miklu máli,” sagði Rafael Benitez, stjóri Liverpool, um leikinn. Liverpool hefur aldrei skorað undir hans stjórn á Stamford Bridge og því verður afar mikilvægt að hans menn nái góðum úrslitum á heimavelli.

Avram Grant, stjóri Chelsea, hefur ekki gefið mikil færi á sér í fjölmiðlum upp á síðkastið en hann var þó til í að hrósa Steven Gerrard, fyrirliða Liverpool, í viðtali. „Gerrard er frábær leikmaður og frábær manneskja. Hann er besti leikmaðurinn í Englandi að mínu mati og jafnvel sá besti í Evrópu vegna þeirra áhrifa sem hann hefur á sitt lið,” sagði Grant um Gerrard, sem hefur glímt við meiðsli og var ekki með Liverpool í deildinni um helgina. Hann á samt að vera orðinn klár í leikinn í kvöld.

„Það besta sem við getum tekið með okkur úr þessum leikjum er tilfinningin sem greip okkur þegar við heyrðum lokaflautið. Það er versta tilfinning sem hægt er að finna en að öðru leyti munu þessir gömlu leikir ekki hafa nein áhrif,” sagði Chelsea-maðurinn Frank Lampard spurður um áhrif

fyrri ófara liðsins gegn Liverpool í Meistaradeildinni. Í þessi fyrri tvö skipti var fyrsti leikurinn á Stamford Bridge en að þessu sinni leika liðin fyrri leikinn á Anfield. Nú er að sjá hvort það hjálpi Chelsea-mönnum að brjóta af sér Liverpool-álögin í Meistaradeildinni en sagan er vissulega með heimamönnum, sem hafa ekki dottið út úr undanúrslitum Evrópukeppni meistaraliða síðan árið 1965.



Í FÝLU Það hefur verið þungt yfir stjóra Chelsea síðustu daga. NORDICPHOTOS/GETTY



GUUS HIDDINK Verður áfram með rússneska landsliðið. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

## Sagan sem aldrei deyr: Hiddink ekki á leið til Chelsea

**FÓTBOLTI** Fyrirsögnin er gömul, hún hefur margoft verið notuð úti um allan heim en orðrómurinn er samt enn að skjóta upp kollinum.

Umboðsmaður hollenska þjálfarans Guus Hiddink neitaði því enn og aftur í gær að skjólstæðingur hans myndi taka við Chelsea í sumar en staða Avram Grant þykir veik hjá félaginu.

„Það eru engar líkur á því að Guus fari til Chelsea. Hann skrifaði undir nýjan samning við Rússa í mars sem nær yfir HM 2010 og Guus stendur alltaf við sína samninga,” sagði umboðsmaðurinn.

„Ég veit ekki hvaðan þessar sögur koma alltaf og mér er mikið í mun að jarða þær endanlega. Málið snýst ekki um peninga. Það sem málið snýst um er að Guus er með samning sem hann ætlar að virða.“

- hbg

## Ronaldinho-sala í uppnámi: Engin sátt um kaupverðið

**FÓTBOLTI** Þó svo að Ronaldinho sé búinn að semja um kaup og kjör við ítalska liðið AC Milan þarf hann að bíða með að leita að húsi í borginni.

Samningaviðræður Barcelona og AC Milan hafa farið hægt af stað og engin sátt er um kaupverðið sem stendur.

„Þetta er ekki að smella saman. Kannski kemur Ronaldinho ekki eftir allt saman og við tökum bara hreinan framherja í staðinn,” sagði Adriano Galliani, yfirmaður knattspyrnumála hjá Milan.

Tímabilið hefur verið erfiitt hjá Ronaldinho og hann hefur aðeins verið í byrjunarliðinu í 13 leikjum af 30 í deildinni.

Hann hefur verið nokkuð meiddur og sögusagnir hafa verið um að hann hafi verið tekinn út úr liðinu vegna agavandamála.

- hbg



# Nám samhliða starfi

- styrktu stöðu þína á vinnumarkaði

Umsóknarfrestur er til 5. maí

### NÁM SAMHLIÐA STARFI

Rekstrar- og viðskiptanám

Mannauðsstjórnun

Þjónustustjórnun

Gæðastjórnun

Verkefnastjórnun - leiðtogaþjálfun

**Nýtt** Leiðsögunám á háskólastigi

**Nýtt** Markaðssamskipti - stefnumörkun og framkvæmd

**Nýtt** Þekkingarmiðuð þjónustustjórnun

**Nýtt** Nám í verðbréfavíðskiptum

ENDURMENNTUN  
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning:

sími 525 4444  
endurmenntun.is



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.20

Hell's Kitchen – íslenskt brúðkaup

Pegar Ragnar Þór Valgeirsson greindist með alvarlegan tauga-hörnnunarsjúkdóm árs gamall var honum ekki hugað líf nema í tvö ár. Ragnar Þór er nú sextán ára unglingur sem tekst á við þrautir lífsins af einstöku æðruleysi. Hann er bundinn við hjólastól og hefur aldrei gengið. Í lífi Ragnars Þórs er tólván nauðsynlegt tæki. Þar eyðir hann löngum stundum við að semja tónlist og búa til listaverk. Hann gerir sér grein fyrir annmörkum sínum og skipuleggur líf sitt út frá þeim. Kompás hefur fylgst með Ragnari og fjölskyldu hans um tveggja ára skeið og veitir einstaka innsýn í líf fjölskyldu langveiks barns.



VIÐ MÆLUM MED

Liverpool-Chelsea Stöð 2 Sport kl. 18.30

Þá er komið að því: undanúrslitin í Meistaradeildinni. Fyrri leikurinn fer fram á Anfield og því má búast við að Liverpool-menn sjái um að sækja á meðan Chelsea heldur sig til baka. Hér verður hart barist, svo mikið er víst.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

Table with two columns of program listings for RÁS 1 FM, including times and program titles like 'Morgunvaktin', 'Veðurfregin', 'Bæn', etc.

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.00 Hollyoaks
16.30 Hollyoaks
17.00 Entourage (3:20)
17.30 Comedy Inc. (12:22)
18.00 American Dad (9:23)
18.30 Kenny vs. Spenny 2 (4:13)
19.00 Hollyoaks
19.30 Hollyoaks
20.00 Entourage (3:20)
20.30 Comedy Inc. (12:22)
21.00 American Dad (9:23) Fjórða serían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum.

INN

- 20.00 Hrafnaping Ingi Hrafn tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar.
21.00 Birkir Jón Umsjónarmaður er Birkir Jón Jónsson þingmaður. Hann ræðir við gest sinn um pólitík.
21.30 Úrval úr Mér finnst... Lífandi skemmtipáttur í umsjón Ásdísar Olsen og Kolfinnu Baldvinsdóttur.

DR 1

- 10.00 DR Update - nyheder og vejr
10.10 Horisont
11.05 Aftenshowet
11.25 Aftenshowet med Vejret
11.50 Supernabo
12.20 Kom igen
12.50 Nyheder på tegnsprog

NK1

- 7.55 Frokost-tv
10.00 NRK nyheter
10.10 Fantastiske fortellinger
10.40 Blir man stor, så blir man stor
11.40 Faktor
12.10 Jessica Fletcher

SVT 1

- 9.00 Den geniale babyen
10.00 Rapport
10.05 Debatt
11.05 Niklas mat
11.50 Kvartetet Korpen



VIÐ KENNSLUFRÆÐI- OG LÝÐHEILSUDEILD ER AFREKSFÓLK Á ÝMSUM SVIÐUM

Í hópi kennara og nemenda kennslufræði- og lýðheilsudeildar Háskólans í Reykjavík eru einstaklingar sem hafa náð miklum árangri á sínu sviði. Willum Þór Þórsson hefur orðið Íslandsmeistari sem knattspyrnuþjálfari með KR og Val og Þórdís Gísladóttir, sviðsstjóri íþróttافرæðisviðs, er margfalður verðlaunahafi í frjálsíþróttum.

Prófessorar okkar hafa náð miklum árangri hver á sínu sviði. Dr. Guðjón Magnússon var framkvæmdastjóri Evrópuskrifstofu Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), dr. Geir Gunnlaugsson hefur unnið gott starf í þróunaraðstoð í Afríku og Dr. Inga Dóra Sigfúsdóttir hefur skapað sér góðan orðstír fyrir stjórn rannsóknar- og forvarnarverkefna víða um Evrópu.

Framtíðin er HR.

Tökum við umsóknum núna
Kynntu þér námið á www.hr.is

- Íþróttافرæði (BSc) Lýðheilsufræði (MPH & MPH Ex) Kennslufræði (Diplóma) Stærðfræði (Diplóma)

MIYA HISIDA - 08-0808





Opið í dag frá kl. 9 til 18

Nú áttu 200.000 kr. útborgun upp í betri sendibíl  
Smelltu á [notadir.brimborg.is](http://notadir.brimborg.is) og veldu notaðan sendibíl.  
Allt að 90% fjármögnun.



Komdu í kaffi og kleinur og seldu okkur drusluna fyrir betri notaðan sendibíl

# Breyttu druslunni í sendibíl í dag

Allt að 90% fjármögnun á betri sendibíl frá Brimborg  
Notaðir sendibílar frá kr. 670.000 til kr. 2.150.000

Við kaupum hvaða druslu sem er á heilar 200.000 krónur, kaupir þú betri notaðan sendibíl hjá Brimborg: verð frá kr. 670.000.

Druslan  
öðlast  
nýtt líf  
í dag

Nú áttu útborgun upp í betri sendibíl

Komdu bíldrslunni í verð. Nú áttu útborgun upp í betri sendibíl. Það skiptir ekki máli hvaða bíl þú átt - við kaupum hann. Komdu bara með bíldrsluna og settu 200 þúsundkallinn upp í betri notaðan sendibíl hjá Brimborg. Bara ein bíldrsla upp í hvern betri sendibíl. **Allt að 90% fjármögnun.**

Nýttu nú tækifærið. Komdu í Brimborg í dag.

Komdu druslunni í verð í dag

Notaðir sendibílar frá kr. 670.000

200.000 krónur fyrir drusluna

visthæf skref  
með Brimborg  
Farðu á [brimborg.is](http://brimborg.is)  
og þú ert kominn af stað

Alveg satt. Við kaupum hvaða bíldrslu sem er á heilar 200.000 kr. kaupir þú betri notaðan sendibíl í Brimborg. Líka þá sem eru á sérstöku tilboði í dag. Um leið og þú breytir druslunni í sendibíladjásn tekurðu nokkur visthæf skref. Þú hreinsar til í borg og bæjum og dregur úr mengun. Sparar eldsneyti. Og ekki síst eykur þú öryggi þitt í umferðinni á nýrri bíl.

brimborg

Öruggur staður til að vera á



## BAKÞANKAR

Karenar D.  
Kjartansdóttir

## Spegillinn


Árið 2003 voru boðaðar skipulagsbreytingar innan Ríkisútvarpsins í framhaldi af tölvupósti Markúsar Arnar Antonssonar, þáverandi útvarpsstjóra, til samstarfsmanna. Þar kvartaði hann undan vinstri slagsíðu innan Ríkisútvarpsins, sérstaklega í Speglinum, sem hann uppfefndi Hljóðviljann. Meðal annars var Speglinum fundið það til foráttu að fjalla gagnrýnið um gildi þess að koma hinum stórhættulega efnavopnaframleiðanda Saddam Hussein frá völdum til að vernda alla heimsbyggðina.

**ÍSLENSKIR** stuðningsmenn frelsunarinnar urðu svo ægilega glaðir þegar íslenskir sprengjusérfræðingar fundu sprengjukúlur sem hugsanlega kannski voru taldar hafa einhvern tímann innihaldið sinnepsgas. Halldór Ásgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra, steig stríósdans og sagði að um heimsviðburð væri að ræða. Rannsóknir leiddu aftur á móti í ljós að hylkin innihéldu aldrei efnavopn. Leit að geryðingarvopnum var svo hætt formlega árið 2005 eftir milljarða dollara leit og stuðningsmenn frelsunarinnar hættu að tala um að nauðsynlegt hefði verið að koma Hussein frá völdum heldur hefði þetta allt verið gert til að bjarga Írökum þótt meginrök Bandaríkjamanna fyrir innrásinni hefðu verið meint efnavopnaeign.

**EN** aftur að Speglinum. Eftir á að hyggja sýnist mér að ástæður þess að Spegilmenn voru bendlaðir við vinstri slagsíðu á sínum tíma sé sú að þeir öfluðu fréttu af Íraks málum í öðrum fjölmiðlum en bandarískum og breskum. Tungumálakunnátta þáttastjórnenda leyfði þeim nefnilega að kanna þýsk og frönsk sjónarmið í þessum efnunum. Það hugnaðist íslenskum ráðamönnum greinilega ekki ef marka má skrif og viðbrögð á þessum tíma, svo sem hjá Birni Bjarnasyni og Markúsi Erni.

**NÚ** er komið í ljós að meintir „sjálfstæðir sérfræðingar“ sem útskýrðu og rökstuddu nauðsyn innrásarinnar á sínum tíma voru á mála varnarmálaráðuneytisins. New York Times afhjúpaði áróðursherferð Pentagon um helgina og hefur nú sýnt fram á að menn með sérfræðipækkingu þáðu laun fyrir að lýsa yfir stuðningi sínum við innrásina. Margir viðurkenna nú að hafa talað gegn betri vitund af ótta við viðbrögð varnarmálaráðuneytisins. Fréttir frá Bandaríkjunum voru allan tímann meingallaðar.

**ÞAÐ** er illt til þess að vita að vandadír fjölmiðlamenn hafi þurft að sitja undir ámæli og þola nið af hálfu yfirmanns síns fyrir að leppja ekki allt gagnrýnislaust upp úr bandarísku pressunni.



**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er mánudagurinn 21. apríl,  
112. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 5.30	13.26	21.24
Akureyri 5.06	13.11	21.18

Heimild: Almanak Háskólans

# TÖFFARI SEM HUGSAR FYRIR ÖLLU KIA CEE'D SPORTY WAGON. 7 ÁRA ÁBYRGÐ.

## RÍKULEGUR STAÐALBÚNAÐUR:

- álfelgur
- loftkæling
- USB-tengi fyrir iPod
- 6 diska geislaspilari
- aðgerðastýri
- rafræn stöðugleikastýring
- sex öryggispúðar
- upplýsingatölva



## ÞÚ GERIR FRÁBÆR KAUP!

Í KIA cee'd Sporty Wagon færðu meiri akstur, meira olnbogaráymi og meiri þægindi fyrir minni pening - án þess að fórná fráþæru útliti og aksturseiginleikum.

Þú færð einnig 7 ára ábyrgð, ríkulegan staðalbúnað og getur valið beinskiptan 115 hestafla dísilbíl sem eyðir aðeins 4,7 lítrum á hundraðið, eða 120 hestafla sjálfskiptan bensínbíl sem eyðir 6,9 lítrum á hundraðið.



\* 7 ára/150.000 km verksmiðjuábyrgð vegna galla í áfrás og 5 ára/150.000 km verksmiðjuábyrgð vegna galla í öðrum hlutum bílsins. Þetta á við um Kia cee'd í öllum EB löndum (áuk Noregs, Sviss, Íslands og Gibraltar)

**HEKLA** KIA á Íslandi er í eigu HEKLU  
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

www.kia.is

